

Canon

Bókhladan

Verð kr. 24.900 m/vsk

Canon



- 400 bláa líni • 14 blá. líni, 1 se/lin
- 8 blá. líni, 1 líni • 8000 líni/kl. vinnu
- Arkivmatari fyrir 100 blá. líni • Minnifrátt. Ókeypis skali
- Tökur allt að 248 gr. papír
- Hugbúnaður: Windows 95/98/2000/XP
- Mál: C1 8.5 og A4 m/m/AB

# Bæjarins besta

Miðvikudagur 16. október 2002 • 42. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: [www.bb.is](http://www.bb.is) • Netfang: [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is) • Verð kr. 200 m/vsk

## Staður í Aðalvík og hjáleigan Lækur

# Ráðuneytið neitar skýringalaust að selja

Landbúnaðarráðuneytið hefur neitað umleitan heimamanna vestra að fá keypta jörðina Stað í Aðalvík ásamt hjáleigunni Læk. Aðalvík var á sínum tíma í Sléttuhreppi hinum forna en það landsvæði tilheyrir nú Ísafjarðarbæ.

Fyrir nokkru beindu bæjaryfirvöld þeirri fyrirspurn til ráðuneytisins, hvort til greina kæmi að Ísafjarðarbær fengi jarðirnar keyptar, hvort sem um endursölu þeirra til áttahagafélaga Sléttuhreppinga yrði að ræða eða ekki.

Forsagan er sú, að á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar í vor var lagt fram bréf frá Jósef H. Vernharðssyni í Hnífsdal, þar sem hann fyrir hönd Áttahagafélaga Sléttuhreppinga á Ísafirði og í Reykjavík fer

fram á að félagin fái keyptar af ríkinu jörðina Stað og hjáleiguna Læk í Aðalvík. Hugmyndin væri sú, að Ísafjarðarbær keypti jarðirnar af landbúnaðarráðuneytinu og endurseldi þær síðan áttahagafélögum.

Í framhaldi af erindi Jósefs spurðist Þorleifur Pálsson bæjarritari fyrir hönd Ísafjarðarbæjar fyrir um það hjá landbúnaðarráðuneytinu, hvort til greina kæmi að bæjarfélagið fengi jarðirnar keyptar. Síðan sagði í bréfi bæjarritara til ráðuneytisins:

„Áttahagafélögin hafa á undanförunum árum lagt mikla vinnu og fjármuni í að halda við húsum á Stað, bæði kirkjunni og íbúðarhúsinu. Má víst telja, að ef þessum húsum

hefði ekki verið sinnt væru þau í mjög lélegu ástandi, ef ekki ónýt með öllu. Tilgangur áttahagafélaganna með því að Ísafjarðarbær eða þau eignist jarðirnar er fyrst og fremst sá, að tryggja að unnið verði áfram að viðgerðum og viðhaldi þeirra eigna er á jörðunum standa og að allur almenningur hafi aðgang að þessum stað.“

Neitun landbúnaðarráðuneytisins, er ekki rökstudd og ekki er gefinn kostur á viðræðum um hugsanlegt kaupverð né annað viðkomandi þessu máli. „Í tilefni af erindi yðar skal upplýst, að ráðuneytið hefur tekið ákvörðun um að jörðin Staður í Aðalvík, Ísafjarðarbæ, Ísafjarðarsýslu, verði ekki seld að svo stöddu.“

## Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf. í Hnífsdal

# Fjórtánda stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins

Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf. í Hnífsdal var 14. stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins árið 2001 með tæplega 3ja milljarða króna veltu samkvæmt úttekt Frjálsrar verslunar.

Veltuaukning fyrirtækisins frá árinu á undan nam 7% og hagnaður fyrir skatta nam 108 milljónum króna. Þá greiddi fyrirtækið um 890 milljónir

króna í bein laun sem svarar til 4.944 þús. króna meðallauna. Annað vestfirskt fyrirtæki, Oddi hf. á Patreksfirði, er 28. stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins samkvæmt úttekt tímaritsins.

Heildarvelta Odda hf. nam 844 milljónum króna sem er 13% aukning frá árinu á undan. Hagnaður fyrirtækisins nam 60 milljónum króna fyrir

skatta. Oddi hf., greiddi 148 milljónir króna í bein laun sem svarar til 2.381 þús. króna meðallauna. Stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins árið 2001 var Samherji með rúmlega 13 milljóna króna veltu. Þá kom Útgerðarfélag Akureyringa, Þormóður rammi – Sæberg hf., Síldarvinnslan hf. og Haraldur Böðvarsson hf., á Akranesi.

**Langar að endurlífga gömlu dansana**

– sjá viðtal í miðopnu við Hrólfi Vagnsson harmonikuleikara úr Bolungarvík, tónlistarútgefanda og upptökumann í Þýskalandi

/SAMKAUP/

OPIÐ:

Virka daga  
kl. 09 - 21Laugardaga  
kl. 10 - 21Sunnudaga  
kl. 12 - 21Verið  
velkomin!

/SAMKAUP/

NEISTA  
HAFNARSTRÆTI 9-13  
SÍMI 456 5460

Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi

[www.eimskip.is](http://www.eimskip.is) • Sími 456 5500[www.flytjandi.is](http://www.flytjandi.is) • Sími 456 5500

Útgefandi:

H-prent ehf.  
Sölgötu 9, 400 Ísafjörður  
Sími 456 4560,  
Fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,  
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamaður:

Hálfadán Bjarki Hálfadánsson  
sími 863 7655,  
halfdan@bb.is

Ritstjóri netútgáfu:

Sigurjón J. Sigurðsson

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson  
sími 894 6125,  
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson og  
Halldór Sveinbjörnsson

Fréttavefur:

www.bb.is

Önnur útgáfa:

Á ferð um Vestfirði

Umboðsaðilar BB:

Eftirlaðir aðilar sjá um  
dreifingu á blaðinu á þétt-  
býlisstöðum utan Ísa-  
fjarðar: **Bolungarvík:**

Nikólína Þorvaldsdóttir,  
Hjallastræti 38, sími 456  
7441. **Súðavík:** Linda Rút

Ásgeirsdóttir, Arnarflöt 9,  
sími 586 2192. **Suðureyri:**

Deborah Anne Ólafsson,  
Aðalgötu 20, sími 891  
7738. **Flateyri:** Gunnhildur

Brynjólfsdóttir, Brimnesveg  
12a, sími 456 7752.  
**Þingeyri:** Anna Signý

Magnúsdóttir, Hlíðargötu  
14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:

**Hamraborg,** Hafnarstræti  
7, sími 456 3166. **Flug-  
barinn,** Ísafjarðarflugvelli,  
sími 456 4772. **Bónus,**

Ljóninu, Skeiði, sími 456  
3230. **Bókhlaðan,** Hafn-  
arstræti 2, sími 456 3123.  
**Bensinstöðin,** Hafnarstræti,  
sími 456 3574. **Samkaup,**

Hafnarstræti 9-13, sími 456  
5460. **Krillíð,** Sindragata 6,  
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 200  
eintakið m.vsk. Áskriftaverð  
er kr. 170 eintakið. Veittur  
er afsláttur til eilífr- og  
örorkulfeyrisþega. Einnig  
sé greitt með greiðslukorti.

Hjónin Inga S. Ólafsdóttir og Kristján G. Jóhannsson frá Ísafirði

# Voru stödd á Balí en fréttu af hryðjuverkinu frá Íslandi

Hjónin Inga S. Ólafsdóttir og Kristján G. Jóhannsson frá Ísafirði voru stödd á Balí í Indónesíu ásamt tveimur öðrum Íslendingum þegar sprengingin mikla varð þar. Þau sátu þá að snæðingi á veitingahúsi í nokkurri fjarlægð frá strandbænum Kuta, þar sem mjög öflug sprengja sprakk í næturklúbbi og banaði hátt í 200 manns og særði enn fleiri. Atburðurinn varð á laugardagskvöld að þarlend- um tíma en fyrr um daginn höfðu þau Inga og Kristján verið á göngu á þeim slóðum þar sem sprengingin varð.

„Við vorum að snæða kvöldverð með íslenski konu sem býr á Balí, Sigrúnu Sveinsson, sem býr þarna skammt frá“, sagði Inga í samtali við blaðið. „Við urðum einskis vör og vissum ekki hvað gerst hafði fyrr en með símhringingu frá Íslandi um nóttina. Við vorum einmitt að rölta á þessum slóðum í Kuta fyrr um daginn. Við lögðum síðan af stað frá Balí eld- snemma á sunnudagsmorgun og komum til London eftir þrettán tíma ferðalag. Sam- ferða okkur í vélinni voru breskar stúlkur sem voru rétt

hjá staðnum þar sem spreng- an sprakk. Þegar við komum til London lentum við í heljar- mikilli yfirheyrslu hjá rann- sóknarlögreglunni út af þessu máli“, sagði Inga, en þau Kristján voru enn í London á mánudag.

Eyjan Balí er rétt austan við Jövu, þannig að einungis um eins kílómetra breitt sund skilur á milli. Balí er liðlega fimm þúsund ferkílómetrar að flatarmáli, fjöllótt að verulegu leyti og hæsti tindurinn yfir þrjú þúsund metrar á hæð. Eyjan er vinsæl ferðamanna- paradís og strandbærinn Kuta



Inga S. Ólafsdóttir og Kristján G. Jóhannsson.

er „staðurinn á Balí þar sem verslanir og matsölustaðir við lífið er og allir heimsækja. ströndina“, sagði Inga S. Þar eru skemmtistaðir og Ólafsdóttir.

Mjólkárverkjun

## Tjónið minna en ætlað var

Tjón Orkubús Vestfjarða vegna vatnsleka í kjallara stöðvarhúss Mjólkárverkjunar fyrir rúmri viku, virðist vera minna en upphaflega var ætlað.

„Þetta er bara minniháttar tjón. Fyrst og fremst var það

bara vesenið sem þessu fylgdi. Vatnið náði ekki upp á efra gólf þar sem rafalarnir eru. Það fóru tólf dælumótorar í kaf, en þeir voru þurrkaðir og reyndust óskemmdir. Við erum mjög ánægðir með að þetta hafi sloppið svona vel“,



segir Kristján Haraldsson, orkubússtjóri.

Raforkuframleiðsla Orku- bús Vestfjarða lá niðri að veru-

legu leyti um tíma, og þurfti því að kaupa meiri raforku.

Sjálfstæðisflokkurinn í Norðvesturkjördæmi

## Tíu taka þátt í prófkjöri

Tíu framboð komu fram vegna prófkjörs Sjálfstæðis- flokksins í Norðvesturkjör- dæmi, sem haldið verður laugardaginn 9. nóvember.

Þau sem gefa kost á sér í prófkjörinu eru Birna Lár- usdóttir, forseti bæjarstjórn- ar Ísafjarðarbæjar, Einar Kristinn Guðfinnsson, al- þingismaður, Einar Oddur Kristjánsson, alþingismaður, Guðjón Guðmundsson,

Jóhanna Pálmadóttir bóndi, Jón Magn- ússon, verkfræðingur, Ragn- heiður Hákonardóttir bæjar- fulltrúi og varaþingismaður í Ísafjarðarbæ, Skjöldur Orri Skjaldarsson, bóndi, Sturla Böðvarsson, samgönguráð- herra og Vilhjálmur Egilsson, alþingismaður.

Norðvesturkjördæmi er það eina af þremur stóru lands- byggðarkjördæmunum þar

sem viðhaft er prófkjör við uppstillingu á framboðslista Sjálfstæðisflokksins.

Atkvæði geta greitt flokksbundnir sjálfstæðis- menn og þeir sem skrifa undir stuðningsyfirlýsingu við flokkinn. Formaður kjörnefndar er Jóhann Kjartansson í Borgarnesi og starfsmaður við undirbún- ing prófkjörsins er Valgarð S. Halldórsson.

bb.is  
púlsinn fyrir vestan

RITSTJÓRNARGREIN

## „Ég hefði ekki staðið í þessu öll þessi ár“

„Ég hélt satt að segja að með því að berjast fyrir því að fá yfirráð yfir okkar fisk- veiðilögsögu væri vandinn leystur. En það er nú eitthvað annað, mér sýnist vandinn hafa aukist.“ Sá sem svo mælir í samtali við tímaritið Ægi er Guðmundur Kjærnested, fyrrum skipherra hjá Landhelgisgæslunni, stofnun sem nú hefur ekki lengur fjárhagslegt bolmagn til að halda öllum skipum sínum úti til gæslu og öryggis fyrir íslenska sjó- menn. „Ég segi fyrir mig, að ég hefði ekki staðið í þessari baráttu öll þessi ár ef ég hefði getað ímyndað mér að staðan yrði svona nokkrum árum síðar.“

Þessi víðkunni baráttujaxl, sem bauð freigátum hennar hátignar byrginn í baráttu Íslendinga fyrir útfærslu landhelginnar, dregur enga dul á óánægju sína með núgildandi fiskveiðistjórnunarkerfi, sem leitt hefur til þess að aflaheimildir hafa færst á fátta hendur og sjávarplássin standa eftir meira og minna kvótalaus.

Og Guðmundur heldur áfram: „Ein af meginástæðum fyrir því að við Íslendingar færdum landhelgina út í 200 mílur var að menn vildu forðast svokallaða ryksugutogara á miðunum, sem fóru á milli hafsvæða og þurrkuðu upp heilu fiskigöngurnar. Við vildum sem sagt losna við þessa togara, en ég spyr: Hvað erum við að gera í dag? eru ekki allir að kaupa frystitogara eða verksmiðjutogara og hætta að koma með aflann til

vinnslu í landi? Á þessum skipum er umtalsverðu magni af afskurði og slógi hent fyrir borð. Það ég best veit eru verksmiðjutogarar ekki leyfðir innan 200 mílna við Banda- ríkin og það sama hygg ég að sé uppi á teningnum hjá Færeyingum. Og Færeyingar banna líka stærri togara innan 50 mílnanna, þar er hins vegar smábátaflotinn.“

Það er eitthvað meira en lítið að þegar maður á borð við Guðmund Kjærnested sér sig knúinn til að gefa yfirlýsingu um að hann „hefði ekki staðið í þessu öll þessi ár“, þ.e. baráttunni fyrir útfærslu landhelginnar, ef hann hefði grunað að svo færi, sem nú er komið með stjórn fiskveiða við Ísland. En, það sem verra er. Áfram er almenningi talin trú um nauðsyn frekari samþjöppunar eignarhalds á auðlindinni, þrátt fyrir að viðvörunarþjöllur klingi í hverju sjávarþorpinu á fætur öðru. Ekkert lát er á úthlutun gjafakvótans. Ekki þykir tímabært að skoða færeyska kerfið þar sem það hafi ekki verið nógu lengi við lýði til að hægt sé að meta árangur þess, meðan hið íslenska hefur á margföldum líftíma þess færeyska ekki skilað neinu í verndun fiskistofna, sem er höfuðtilgangur kvótakerfisins.

Raunalegast af öllu er þó, að litlar líkur eru á að þingmenn snúi frá villu síns vegar og taki mið af orðum skipherrans fyrrverandi, sem lagði allt í sölugar fyrir þjóð sína. s.h.



Gamla sjúkrahúsið á Ísafirði verður bleikt ásýndum á föstudagskvöldið.

### Krabbameinsfélagið Sigurvon

# Hyggst „bleikja“ gamla sjúkrahúsið

Þjónustumiðstöð Krabbameinsfélagsins Sigurvonar á norðanverðum Vestfjörðum hefur verið opnuð í húsnæði félagsins að Sindragötu 11, þar sem Djúpbáturinn hf. var eitt sinn til húsa.

Að sögn Gylfa Þórs Gíslasonar skrifstofustjóra verður þjónustumiðstöðin opin á þriðjudögum og miðvikudögum milli klukkan 10 og 12.

„Starfið er að fara af stað. Enn hafa ekki margir komið við á skrifstofunni, en mér skilst á þeim sem starfa á samskonar skrifstofum að jafnan sé meira um að fólk hringi til að leita sér upplýsinga“, segir Gylfi.

Starfsemi Sigurvonar verður að líkindum áberandi í vetur, í það minnsta núna á föstudagskvöldið, þegar félags-

menn ætla að lýsa gamla sjúkrahúsið á Ísafirði bleikt eins og gert hefur verið víða til að vekja fólk til umhugsunar um brjóstakrabbamein.

Þá hyggjast Sigurvonarmenn fara í skóla á svæðinu og ræða við ungmenni um afleiðingar reykinga. Í byrjun nóvember býður Sigurvon síðan upp á fræðslu læknis um ristilkrabbamein.

# Tölvunámskeið



## Tölvunámskeið fyrir eldri borgara

Tölvunámskeið fyrir eldri borgara hefst 30. október. Skráningarfrestur rennur út 27. október. Námskeiðið er niðurgreitt fyrir félagsmenn í Félagi eldri borgara á Ísafirði. Athugið einnig réttindi ykkar hjá þeim stéttarfélagum sem þið hafið greitt iðgjald til því verið getur að þið eigið rétt á því að fá námskeiðið endurgreitt.

## BSRB – námskeið

Starfsmenntunarsjóðir greiða þessi námskeið fyrir félagsmenn BSRB. Þeir sem ekki eru félagsmenn í BSRB geta í þeim tilvikum þar sem ekki næst að fylla námskeið með BSRB-fólki, fengið þátttöku á þessum námskeiðum.

## Grunnnám tölvufræðslu

Grunnnám tölvufræðslu – hæg ferð, hefst 21. október. Skráningarfrestur rennur út 18. október. Námskeiðið er ætlað fyrir þá sem hafa enga tölvukunnáttu. Allt er kennt frá grunni og farið rólega í hlutina.


## Tölvunám 2 – framhald

Tölvunám 2 – framhald hefst 22. október. Skráningarfrestur rennur út 18. október. Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa reynslu af notkun Windows, Word og Exel eða hafa áður farið í grunnnám sem kennt var síðasta vetur.

Skráningar eru á heimasíðunni [www.frmst.is](http://www.frmst.is), með tölvupósti á [frmst@frmst.is](mailto:frmst@frmst.is) eða í síma 456 5025.



## Á NÆSTUNNI Tvær aukasýningar



Nú hafa um 800 manns séð þessa frábæru sýningu

Allra síðustu sýningar, ekki missa af þeim.

Laugardagskvöldið 26. október  
laugardagskvöldið 2. nóvember **(UPPHELD)**

BODIÐ VERÐUR UPP Á GÓÐAN OG VANDABAN ÞRIGGJA RÉTTA KVÖLDVERÐ  
UNDIR STJÓRN ÞORSTEINS ÞRÁINSSONAR MATREIÐSLUMEISTARA

MIDA- OG BORDAPANTANIR Í SÍMA 456-3985 (PIZZA 67)



Anna Pálína Árnadóttir syngur af innlifun við undirleik þeirra Gunnars Gunnarssonar, píanóleikara, Jóns Rafnssonar, kontrabassaleikara og Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar.

## Húsfyllir á tónleikum Önnu Pálínu og Aðalsteins Ásbergs

Húsfyllir var á tónleikum vísna-hjónanna Önnu Pálínu Árnadóttur og Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar sem þau héldu í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á föstudagskvöld ásamt þeim Gunnari Gunnarssyni píanóleikara og Jóni Rafnssyni kontrabassaleikara. Yfirskrift tónleikanna var „Guð og gamlar konur“ og lék kvartettinn tónlist af nýrri hljómplötu sinni, auk eldra efnis. Flestir texta laganna eru eftir Aðastein Ásberg, en hann gaf út ljóðabókina „Sagði mamma“ á síðasta ári og naut hún mikilla vinsælda. Meðfylgjandi myndir voru teknar á tónleikunum.



Hugfagnir áheyrendur.




Viðstaddir skemmtu sér vel á tónleikunum.



Norðurljós yfir Bolungarvík. Mynd: Grímur Lúðvíksson.

## Ljósadýrð yfir Ljósalandi

Grímur Lúðvíksson, rafeindavirki í Bolungarvík, tók þessa fallegu mynd við heimili sítt við Ljósaland um kl. 21:00 á miðvikudagskvöld í síðustu viku. Fáum dylst að myndin er af norðurljósum. „Það var rosaleg dýrð hérna. Það var mikil hreyfing á ljósunum og ég og frúin fórum út til að dádast að þessu í nokkra stund. Svo datt mér í hug að reyna að ná mynd af ljósunum. Það var svolítið erfitt, því þau voru á svo mikilli hreyfingu“, sagði Grímur.



Magnús Stefánsson með myndina góðu.

## Forvarnarfundir Magnúsar Stefánssonar gengu vel

### „Hættu áður en þú byrjar“

Fundarröðin „Hættu áður en þú byrjar“, stóð yfir á norðanverðum Vestfjörðum í síðustu viku. Það var Vávest hópurinn sem stóð að fundarhöldunum þar sem fyrirlesari var Magnús Stefánsson.

Magnús, sem á árum áður lék með hljómsveitunum Utangarðsmönnum og Sálinni hans Jóns míns, er óvirkur fíkill og þykir ná mjög vel til

bæði barna og fullorðinna. Á fundunum sýndi Magnús mjög vel heppnaða forvarnarmynd sem sýnir íslenskan raunveruleika eins og hann er í dag.

„Fundirnir gengu mjög vel. Á þriðjudag í síðustu viku funduðum við með nemendum og foreldrum í Bolungarvík, og daginn eftir með gagnfræðinemendum á Ísafirði“,

segir Hlynur Snorrason, rannsóknarlögreglumaður á Ísafirði og meðlimur Vávest hópsins. Þá fundaði Magnús með nemendum Menntaskólans á Ísafirði.

„Við vorum mjög ánægð með þann fund. Það var mikill áhugi meðal nemenda. Sitt sýndist hverjum eins og gengur og gerist og miklar umræður spunnust“, sagði Hlynur.

## Villibráðaveisla SKG Veitinga

Hin árlegu villibráðakvöld SKG Veitinga verða haldin laugardagskvöldin 26. október og 9. nóvember 2002



Í boði verður glæsilegt úrval villibráðar s.s. hreindýr, gæs, svartfugl, önd, rjúpa, lax, sjóbirtingur, selur og höfrungur. Auk sérvalinna forrétta og eftirréttu úr villtustu víðáttum landsins.

Veislustjóri verður veiði- og matgæðingurinn Lárus Valdimarsson

Veitt verða verðlaun fyrir bestu veiðisöguna. Leikin verður lifandi tónlist yfir borðhaldi. Einnig verða í boði sérvalin vín. Verð á mann kr. 4.900,-



Borðapantanir í síma 456 4111

Munið að síðast komust fleiri að en vildu !!!



Nokkrir nemenda Reykhólaskóla.

## Reykhólaskóli

# Fékk viðurkenningu fyrir góðan árangur

Reykhólaskóli fékk á föstudag viðurkenningu og 100.000 króna verðlaunafé frá Hagsmunafélagi um eflingu verk- og tæknimenntunar á háskólastigi, en skólinn hafði hæstu meðaleinkunn samræmdra prófa 10. bekkjar í stærðfræði síðustu þrjú ár. Að hagsmunafélaginu standa Samtök iðnaðarins, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Tækniháskóli Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands.



Skarphéðinn Ólafsson.

hefur starfið verið unnið ákaflega vel“, segir Skarphéðinn Ólafsson, skólastjóri Reykhólaskóla.

„Þennan góða árangur í stærðfræðikennslu þakka ég því að sveitarfélagið hefur staðið vel að baki skólanum undanfarin ár. Við höfum haft margreynt og vel menntað starfsfólk. Í skólanum eru í dag 47 nemendur og við erum eins og ein stór fjölskylda. Það er ekki svo að skilja að hér séu einhver sérstök gáfnaljós, heldur

Fimm menn frá Hagsmunafélaginu komu fljúgandi til Reykhóla á föstudag og afhentu verðlaunin við hátíðlega athöfn kl. 13. Viðstaddir afhendinguna voru nemendur, kennarar og foreldrar á Reykhólum og í nærsveitum.

## Atvinnumál í Ísafjarðarbæ

# Sáralítið vitað um stöðu mála

Atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar hefur farið fram á 500 þúsund króna framlag frá bæjaryfirvöldum til að gera könnun á stöðu atvinnamála í bæjarfélaginu. Bæjarráð hefur vísað erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2003.

Í bréfi nefndarinnar til bæjarráðs segir m.a.: „Svipuð könnun hefur t.d. verið unnin á Húsavík í mörg ár

og hefur hún verið notuð til að fylgjast með þróun atvinnulífs, vinnuafis o.fl. í sveitarfélaginu. Sáralítið er í raun vitað um þessa hluti í Ísafjarðarbæ og er það slæmt þegar vinna á að uppbyggingu atvinnulífs. Til þess að það sé hægt er nauðsynlegt að hafa nokkurs konar mælistiku sem segir til um hvort árangur er að nást.“

## Prófkjör Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi

# Kristinn eini Vestfirðingurinn

Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður hefur einn Vestfirðinga gefið kost á sér í prófkjöri Framsóknarflokksins í hinu nýja norðvesturkjördæmi. Kristinn sækist eftir efsta sæti listans,

en það gera einnig þeir Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri á Sauðárkróki og Páll Pétursson félagsmálaráðherra.

Þá hafa þær Herdís Á. Sæmundardóttir framhaldsskóla-

kennari og Ragna Ívarsdóttir gefið kost á sér í önnur sæti á listanum. „Ég er sæmilega bjartsýnn, meðal annars vegna góðs stuðnings sem ég hef af Vestfirðum. Ég hef að undanförnu verið á ferðalagi til að

hitta fólk, ekki bara í mínu gamla kjördæmi heldur víðar. Núna er ég á Norðurlandi, en þar er mikið af fólk sem maður hefur ekki hitt áður,“ segir Kristinn H. Gunnarsson.

„Prófkjörið fer fram 16.

nóvember á kjördæmisþingi sem haldið verður á Laugum í Sælingsdal. Þar koma saman fulltrúar hvers framsóknarfélags og fer atkvæðahlutfall eftir fjölda félagsmanna“, segir Kristinn.



Eliás Guðmundsson (fyrir miðri mynd) var ánægður á opunarballi á föstudagskvöld.

# Skemmtistaðurinn Kaffi Ísafjörður opnaður

Nýr skemmtistaður, Kaffi Ísafjörður, var opnaður með dansleik á föstudagskvöld. Staðurinn er til húsa að Mánagötu 1 á Ísafirði, þar sem áður hafa verið reknir staðirnir Á Eyrinni, Frábær og Mána-

kaffi. Ísfrska hljómsveitin Gabriel lék fyrir dansi á föstudags- og laugardagskvöld og segir Eliás Guðmundsson, annar tveggja eigenda Kaffi Ísafjarðar, að fullt hús hafi verið bæði kvöldin. „Það var góð

aðsókn þessa opunarhelgi og ég er mjög sáttur.“ Húsnæðið hefur tekið nokkrum breytingum eftir að Eliás tók við því. Barinn hefur verið færður og skipt hefur verið um gólfefni.

## Gamla kjötvinnsluhúsið við Austurveg 2

# Ísafjarðarbæ boðið húsnæðið til kaups

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur falið bæjarstjóra að ræða við byggingafyrirtækið Ágúst og Flosa ehf. varðandi hugsanleg kaup á hluta af húsnæðni Austurvegi 2 á Ísafirði (gamla kaupfélagshúsinu).

Um er að ræða um 160 fermetra einnar hæðar viðbyggingu í portinu á bak við húsið, en hún var áður notuð sem kjötvinnsluhúsnæði hjá

Kaupfélagi Ísfríðinga og síðar Samkaupum. Í söluþilboðinu, sem gert er undir nafninu Hornsteinn – fasteignir ehf., er gert ráð fyrir því að söluverði taki mið af áætluðum gagnagerðargjöldum af samþærligri eign að frádregnum áætluðum kostnaði við niðurrif eignarinnar.

Viðbyggingin er úr steini og var þar mjólkurbúð fyrir

mörgum áratugum. Efri hæðir sjálfs kaupfélagshússins eru í eigu Ísafjarðarbæjar og notaðar fyrir hluta af skólustarfi Grunnskóla Ísafjarðar.

Þegar Samkaup keyptu verslunarhúsnæðið í nýja Neistahúsinu, sem byggingaverktakarnir Ágúst og Flosi ehf. reistu, gekk fyrra húsnæði Samkaupa í gamla kaupfélagshúsinu upp í kaupverðið.

## Aðalfundur Smábátafélagsins Eldingar

# Fullyrða að frystitogarar hendi um 60% aflans

„Stærstu frystitogarar koma alveg upp að tólf mílna mörkunum og draga þar stórvirk veiðarfæri innan um trillur með handfæri á 30-40 faðma dýpi. Þessi skip hirða fátt annað en flökin af fiskinum og henda um það bil 60% aflans“,

segir m.a. í ályktun aðalfundar Smábátafélagsins Eldingar á norðanverðum Vestfirðum, sem haldinn var á Ísafirði.

Félagið krefst þess, „að nú þegar verði hætt að úthluta skipstjórakvóta, þar sem öll rök fyrir þessari úthlutun eru

brostin og skipstjórnarnir kominir í land“. Einnig er lýst fullri ábyrgð á hendur stjórnar Hafnansóknastofnunar, sem hafi „með aðgerðaleysi sínu stuðlað að veiðum á stærsta hrygningarfiskinum og útgerð á hrogn“.

Stuttar af bb.is

## Valgarður miðill kemur

Miðillinn Valgarður Einarsson verður á Ísafirði dagana 17.-21. október. Valgarður hefur lengi starfað við miðlun við góðan orðstír og skrifaði Birgitta H. Halldórsdóttir bókina „Ljósíð að handan“ um Valgarð seint á síðasta ári. Valgarður hefur komið nokkrum sinnum áður til Ísafjarðar. Hann býður upp á einkatíma í miðlun en hefur ekki verið með fjölda fundi. Miðilsfundir Valgarðs munu fara fram að Túngötu 12 á Ísafirði og er hægt að panta tíma í síma 456-4245.

## Guðmundur í heimsókn

Guðmundur Guðmundsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í handknattleik, kemur í heimsókn til Ísafjarðar í dag á vegum handknattleiksdeildar Harðar. Í kvöld mun Guðmundur stjórna æfingu 13-16 ára unglinga og síðar þeirra sem eldri eru. Á morgun, fimmtudag, verður Guðmundur með kynningu á íþróttinni í Grunnskólanum á Ísafirði og kl. 15 sama dag býður hann áhugasömum á æfingu í íþróttahúsinu á Torfnesi. Þess má geta að innan tíðar heldur Guðmundur með íslenska landsliðið á mót átta bestu landsliða heimsins.

## Árleg íþróttahátíð í Víkinni

Hin árlega íþróttahátíð Grunnskóla Bolungarvíkur fer fram í íþróttamiðstöðinni Árbæ á föstudag. Þar koma saman nemendur frá flestum skólum á Vestfirðum og keppa í körfubolta, knattspyrnu, sundi, skák, borðtennis, badminton og víðavangshlaupi. Keppni hefst kl. 9 árdegis og lýkur um kl. 18.

## Göngustígur lagður?

Fyrir bæjaryfirvöldum í Ísafjarðarbæ er nú til athugunar tillaga Elísabetar Gunnarsdóttur arkitekts á Ísafirði að legu göngustígs frá Vallartúni við Torfneseinn inn að Seljalandi í Skutulsfirði. Tillagan gerir ráð fyrir göngustíg meðfram Skutulsfjarðarbraut og inn fyrir Áhaldahús Ísafjarðarbæjar og síðan upp á Seljalandsveg.

# Langar að endurnýja kynnin við gömlu dansana og gefa þá út

– segir Hrólfur Vagnsson harmonikuleikari úr Bolungarvík, tónlistarútgefandi og upptökumaður í Þýskalandi

Tónlistarmaðurinn Hrólfur Vagnsson frá Bolungarvík, sem verið hefur búsettur í Þýskalandi í liðlega tvo áratugi, er nú heima á gamla landinu á tónleikaferðalagi með fjölbjóðlegu hljómsveitinni Blue Brasil. Á liðnum áratugum hefur Hrólfur komið í fjölmargar tónleikaferðir til Íslands með ýmsum öðrum tónlistarmönnum og flutt ýmsar tegundir tónlistar en nú kveður við nýjan tón: Blue Brasil flytur léttu suður-ameríska tónlist, sem Hrólfur hefur fram að þessu ekki verið þekktur fyrir að spila. Jafnframt er kominn út diskur með tónlist í flutningi Hrólfs og Blue Brasil en útgefandinn er útgáfufyrirtækið CordAria sem Hrólfur stofnaði á sínum tíma og hefur rekið í Þýskalandi um árabíl. Komið er við á ýmsum stöðum alla þessa viku í Íslandsheimsókninni að þessu sinni. Á mánudag og þriðjudag voru tónleikar í Hveragerði og á Kringlukránni í Reykjavík og í kvöld eru tónleikar í Inghóli á Selfossi. Á heimaslóðum Hrólfs á Vestfjörðum eru tvennir tónleikar á dagskránni. Á morgun, fimmtudagskvöldið 17. október, eru tónleikar í Víkurbæ í Bolungarvík, en á föstudagskvöld eru tónleikar í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Tónleikarnir hér vestra hefjast í báðum tilvikum kl. 21. Loks verður komið við í Stykkishólmi síðdegis á laugardag á leiðinni suður en síðan heldur hópurinn til Frankfurt eldsnemma á sunnudagsmorgun. Á þessum tónleikum eru léttleikinn og gleðin í fyrirrúmi eins og vænta má þegar suður-amerísk tónlist er annars vegar.

Við hittum Hrólfi í síðustu viku þegar hann kom vestur á vit ættingja og vina á æskuslóðunum í Bolungarvík, en hann er eins og allir vita eitt af Vagnsbörnunum sjö, sonur Vagns heitins Hrólfssonar skipstjóra, sem var harmonikuleikari af lífi og sál og hrókur alls fagnaðar hvar sem hann kom. Með Hrólfi í för var Iris Kramer, sem er í senn eiginkona hans (síðari kona) og einn meðlimanna í Blue Brasil, og Lukas Kramer sonur hennar.

## Vesen með þetta stóra hljóðfæri

Fyrst er Hrólfur spurður hvenær hann hafi byrjað að leika á hljóðfæri og hvernig fyrstu skrefin á tónlistarbrautinni hafi verið.

„Ég byrjaði átta ára gamall með harmonikuna úti í Bolungarvík hjá Ólafi Kristjánssyni. Námið gekk í dálitlum bylgjum. Það var vissulega ekki alltaf jafngaman að standa í þessu. Oft var bölvad

vesen að drösla þessu stóra hljóðfæri á eftir sér á snjóbotu í tímana til Óla á veturna. Einu sinni hætti ég hjá honum en byrjaði svo aftur. Um tíma var ég að læra á saxófón hjá Ólafi og var smátíma í lúðrasveitinni. Eftir á finnst mér mjög gott að hafa komist í kynni við fleiri hljóðfæri“, segir Hrólfur.

– Hver var ástæðan fyrir því að þú valdir harmonikuna, sem var svo erfið í flutningi fyrir ungan dreng, en ekki t.d. þverflautu, sem er ólíkt meðfærilegri? Var það ef til vill fyrir áhrif á æskuheimilinu?

## Sjarmi sem ekki gleymist

„Já, það fór ekkert framhjá manni hvað það var alltaf líflegt í kringum pabba og harmonikuna hans. Það var alltaf verið að spila þar sem hann var. Þegar við fórum yfir á Hesteyri á sumrin var harmonikan alltaf með. Hún var um borð í bátum á leiðinni og þegar vel viðraði var spilað

niðri í lúkar. Svo var alltaf mikil tilhlökkun að komast á böllin á Flæðareyri í Jökulfjörðum. Ég sá að harmonikan var hljóðfæri sem alltaf var hægt að taka upp og spila, ekki þurfti að stínga neinu í samband eða neitt slíkt. Yfir þessu var sjarmi sem ekki gleymist, þó svo að ég hafi tekið útdúra seinna þegar ég fór að spila á orgel og fleira í popphljómsveitum.

En útslagið held ég að hafi gert kynnin af þessari miklu gleði og skemmtun sem fylgdu harmonikunni þegar ég var að alast upp. Núna er ég búinn að taka mjög stóran hring og með suður-amerísku tónlistinni sem við erum að spila núna er ég á vissan hátt kominn til baka að léttleikanum og gleðinni í músíkinni sem ég kynntist svo vel í æsku. Það má vel vera að núna slæðist eitthvert fólk á tónleikana sem býst við að heyra tónlist af því tagi sem ég spilaði aðallega áður á tónleikum. En þessi músík er víðsfjarri þeirri tónlist. Hér eru með mér tveir slagverksleikarar, bassi og gítar og Íris spilar á trompet og flygilhorn.“

– Varstu eitthvað á sjó með föður þínum í gamla daga?

„Já, þegar ég var stráklíngur. Hann var þá með lítinn fimm tonna bát sem hét Haukur. Þegar hann fékk sér síðan stærra bát, sem líka hét Haukur og er núna hvalaskoðunarbátur á Húsavík, þá var ég með litla bátinn og reri á honum tvö eða þrjú sumur, að hluta til með Möggu systur. Það var ekki auðveld vinna því að við vorum svo ung en það var líka reynsla sem ég hefði ekki viljað missa af.“

## Skrapp heim um helgar

– Þið Vagnsbörnin hafið alla tíð verið mjög samheldinn systkinahópur. Hefur það ekki verið erfitt fyrir þig að vera svona langt í burtu frá þeim áratugum saman?

„Jú, en ég kom alltaf mjög oft heim. Þegar ég var í náminu úti kom það meira að segja fyrir að ég skrapp heim um helgar. Við Pálína systir stofnuðum Trío Ólafs ósýnilega og spiluðum á dansleikjum en vorum bara tvö í tríóinu. „Ólafur“ var ósýnilegi trommarinn í hljómborðinu. Ég kom annað slagid heim um helgar til að ná mér í ferskt loft, ef svo má segja, og hafa svolítið gaman af því að spila með Pálínu.“

– Eruð þið systkinin öll músíkfólk?

„Ekki beinlínis, þó svo að við höfum öll fengist einhvern tíma við tónlist með einhverjum hætti. Við Sossa [Soffía Vagnsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Bolungarvíkur] erum þau einu af systkinunum sem erum virk í tónlistinni núna. Haukur bróðir spilaði í mörg ár á trommur í hinum og þessum hljómsveitum. Tóti spilaði á saxófón. Pálína hefur alltaf sungið mikið. Magga og Inga lærðu á píanó á sínum tíma en hafa aldrei verið í dansleikjabrasanam eða slíku.“

## Nokkur hliðarspor í tónlistinni

Hér má skjóta því inn varðandi það sem áður var vikið að, að Hrólfur tók á sínum tíma nokkur hliðarspor í tónlistinni (kannski ekki rétt að kalla það feilspor) og hefur spilað í nokkrum popphljómsveitum. Einna frægust á Vestfjörðum var Mímósa, en þar spilaði Pálmi Gestsson (Bolvíkingur og leikari) á bassa, Jónmundur Kjartansson (Bolvíkingur og nú yfirlöggregluþjónn í Reykjavík) á trommur, Brynjólfur heitinn Lárusson spilaði á gítar og söng, Soffía Vagnsdóttir söng og Hrólfur lék á hljómborð. Síðan var hljómsveitin Prósent en í henni voru meðal annarra Jóhann Sigurðarson leikari og Pálína Vagnsdóttir söngkona. Hljómsveitin sú kom fram í bleikum samfestingum með ljósader á höfði. Einnig má geta þess, að Hrólfur Vagnsson var á sínum tíma fenginn ásamt fleirum til að vinna fyrir menntamálaráðuneytið að gerð námskrár fyrir harmonikuna.

– Aftur að upphafinu: Hvernig var Ólafur Kristjánsson [þáverandi skólastjóri Tónlistarskóla Bolungarvíkur, nú bæjarstjóri í Bolungarvík til margra ára] sem tónlistarkennari?

## Óli málari

„Óli var góður kennari. Það fer ekkert á milli mála, þó að við krakkarnir höfum kannski ekki gert okkur nægilega grein fyrir því á þeim tíma. Manni þótti þetta á köflum hálfleiðinlegt að vera sífellt að fara í þessa fjandans spilatíma! Eftir á að hyggja held ég að Óli hafi kveikt mikið í okkur krökkunum, því að hann var svo fjölbreyttur og fjölhæfur tónlistarmaður. Hann var allt-

af að spila út um hvippinn og hvappinn og þar komu hæfileikarnir ekki síst fram. Oft er það svo með tónlistarkennara, að börnin sjá þá aldrei eða heyra spila og þess vegna kveikja þeir ekki eins mikið í nemendum og Ólafur gerði. Á þessum tíma fannst manni líka sjálfsgáður hlutur að hann væri að kenna á öll hljóðfæri. Núna þykir eiginlega alveg absúrd að sami maðurinn sé að kenna kannski á tíu mismunandi hljóðfæri. En Óli málari kunni allt og gat allt. Alveg sama hvort það var harmonika eða píanó eða saxófónn eða klarinett og trompet.“

– Óli málari, sagðirðu. Ólafur Kristjánsson hefur gengið undir ýmsum nöfnum um dagana, svo sem Óli Böddu, Óli málari, Óli Kitt eða Ólafur bæjarstjóri en einhvern veginn hefur hann yfirleitt ekki verið kenndur við tónlistina ...

„Við kölluðum hann alltaf Óla málara. Þó að maður væri að fara í spilatíma, þá var það bara Óli málari.“

– Hvernig var framhaldið á tónlistarbrautinni þegar náminu lauk hjá Óla málara?

## Æfði sig eins og berserkur í heilt ár

„Ég fór suður til Reykjavíkur og fór þar í rafvirkjanám. Þá kynntist ég Emil Adolfssyni harmonikuleikara og tónlistarkennara og sótti tíma hjá honum á Vesturgötunni. Hann kynnti mér margvíslega tónlist og ýmsa möguleika harmonikunnar. Ég kláraði Iðnskólann árið 1980, en var reyndar búinn að vera hérna fyrir vestan um tíma áður en ég tók iðnprófið. Síðan sat ég á rassinum heima hjá Sossu systur í Reykjavík og æfði mig eins og berserkur frá morgni til kvölds í heilt ár til þess að ná inntökuprófinu í Tónlistarháskólanum í Hannover í Þýskalandi, sem Emil vildi að ég færi í. Og það tókst.“

Reyndar höfðu fleiri skólar komið til álita. Meðal annars kom til greina að fara til Moskva, en það var ekki að öllu leyti árennilegt á þeim tíma, eða til Danmerkur, en mér leist ekki nógu vel á það. Líka kom til álita að fara í Tónlistarháskólann í Trossingen, sem er lítill bær í Suður-Þýskalandi, þar sem Emil hafði sjálfur verið við nám. En niðurstaðan varð sú að Emil sendi mig til Hannover. Þar var kennari minn Elsbeth Moser – sem ég giftist svo seinna

eftir að ég var búinn að læra hjá henni í ein sjö ár!“

## Leiddist heldur að kenna

„Að námi loknu kenndi ég í þrjú ár en mér leist ekki nógu vel á kennsluna. Mér leiddist hún töluvert, mér leiddist að kenna krökkum sem voru þó yfirleitt ekkert latari en ég hafði sjálfur verið. Tvö af þessum þremur árum kenndi ég í Osnabrück þrjá daga í viku. Þá þurfti ég að fara 150 kílómetra leið í vinnuna eða 300 kílómetra fram og til baka.“

Síðan hætti ég að kenna og stofnaði stúdíóið mitt í Hannover árið 1989. Allan þennan tíma spilaði ég jafnframt með hinum og þessum tónlistarmönnum og kom meðal annars nokkrum sinnum heim til Íslands. Einu sinni kom ég með harmonikudúó, einu sinni voru það tveir harmonikur og selló, einu sinni tvær harmonikur og flauta og einu sinni tvær harmonikur, selló og flauta, svo dæmi séu tekin. Ætli ég hafi ekki komið einar tíu-tólf ferðir heim til Íslands til tónleikahalds fram til 1995, þegar ég kom síðast. Þá var með mér japanskur fiðluleikari, Hiroto Yashima, sem ég gaf út disk með. Með honum þvældist ég meðal annars tvær ferðir til Japans, auk þess sem við spiluðum þvers og kruss um Evrópu.“

## Útgáfufyrirtækið CordAria

„En svo fór að dala hjá mér áhuginn á nútímatónlist og klassík. Þetta var erfiður róður. Ég hafði aldrei neitt í aðra hönd af því að koma hingað heim og halda tónleika, heldur var alltaf tap á þessum ferðum. Úti fór líka að verða erfiðara að finna tónleikahaldara. Stúdíóvinnan át mig hins vegar meira og meira upp.“

Það var svo 1993 sem ég stofnaði eigið útgáfufyrirtæki, CordAria, og má heita að ég hafi síðan varið öllum kröftum í stúdíóið og útgáfuna, þangað til fyrir einu og hálfu til tveimur árum, þegar ég fór að slaka á og minnka útgáfuna. Alls hef ég gefið út um 60 diska hjá þessu fyrirtæki mínu. Á þessum tíma má segja að ég hafi parkerað harmonikunni að verulegu leyti nema hvað ég spilaði fyrir sjálfan mig. Svo tók ég upp þræðinn á ný eftir að ég kynntist Írisi núverandi konu minni fyrir um



þremur árum, um svipað leyti og við Elsbeth skildum. Ég kynntist Írisi í gegnum hljóðvinnslu á stúdíóinu með Blue Brasil, hljómsveitinni sem er hérna með mér núna.“

### Gömlu dansarnir eru áleitnir

Nú er hugurinn hjá Hrólfi Vagnssyni farinn að leita aftur til gömlu dansanna, harmonikutónlistarinnar sem hann vandist við að heyra í æsku.

„Ég hef verið að láta mér detta í hug að grafa aftur upp góðu gömlu dansana og spila þá og gefa þá út. Ég efast ekki um það það líður ekki á mjög löngu þangað til ég geri það. Mig vantar eiginlega að fólk gefi mér vísbendingar um hvaða lög væri hyggilegt að taka. Það hefur ekki komið svo mikið út af þannig tónlist. Mig langar sannarlega til að prófa þetta.“

– Þegar þú fórst til náms í Þýskalandi fyrir meira en tveimur áratugum, bjóstu þá við að flendast þar?

„Alls ekki. Ég var meira að segja nærri því að snúa heim eftir þrjá mánuði. Ég var að því kominn að gefast upp vegna þess að tungumálið var mér svo erfitt í fyrstu. Ég kunni ekki stakt orð í þýsku og það var dálítið erfitt að sitja á fyrirlestur í skólanum og skilja ekki nokkurn skapadán hlut! Það var erfitt fyrstu mánuðina og erfitt að yfirstíga það að þora hreinlega að segja eitthvað. En svo fór skriðan af stað eftir fimm til sex mánuði og þýskan var eiginlega

orðin nokkuð góð hjá mér eftir árið.“

### Ætlaði alltaf heim aftur, en ...

„En ég ætlaði mér alltaf beint heim eftir fjögurra ára nám. Úr þessum fjórum árum urðu svo sjö ár. Ég gerði aldrei ráð fyrir að komast úr tónlistarkennaranáminu í framhaldsdeild og þaðan upp í einleikaradeild. Ég lét mig aldrei dreyma um það í upphafi. En svo fór ég í gegnum allar þessar deildir og jafnframt varð alltaf lengra og lengra í það að snúa heim.“

– Og hefur kannski aldrei verið eins langt í það og núna? Heldurðu að þú eigir nokkurn tímann eftir að koma alkominn heim til Íslands aftur?

„Ég veit það ekki. Núna er ég að koma hingað í annað skipti með Írisi. Hún kom líka í hitteðfyrra. Hún hefur talað um að það gæti verið gaman að koma og vera kannski eitt ár á Íslandi til að kynna betur landi og þjóð.“

Hrólfur var búsettur í Hannover allt þar til um mitt ár í fyrra, en fluttist þá til Hamborgar með stúdíóið og allt saman.

„Mér líkar þokkalega vel í Hamborg. Hins vegar er stemningin þar fremur neikvæð eins og reyndar hefur verið alls staðar í Þýskalandi síðasta árið. Þó að mér hafi gengið þokkalega að reka stúdíóið, þá hefur plötusalan hjá útgáfufyrirtækinu mínu dregist mikið saman. Þessi þróun virðist vera almenn í Þýskalandi.

Fólk hefur einfaldlega minna fé á milli handanna og það segir strax til sín í kaupum á hljómdiskum.

En nú eru nýafstaðnar kosningar í Þýskalandi og ljóst að Gerhard Schröder verður áfram kanslari. Það var afar mjótt á munum milli stóru flokkanna og í marga mánuði var fullkomin óvissa um úrslitin, reyndar alveg þangað til búið var að telja upp úr kjörkössunum. En nú er óvissan úr sögunni og ég vona að það komi dálítill kippur og bjartsýnin hjá almenningi fari að vaxa á ný.“

### Erfiður róður í menningarlífinu

– Hefði ekki verið betra fyrir efnahagslífið að fá Kristilega demókrata og Edmund Stoiber til valda?

„Ég held ekki. Ég held að flestir í okkar geira og yfirleitt allir sem fást við listsköpun af einhverju tagi séu fegnir því að hafa Schröder áfram. Menn hafa verið að segja að hann hafi engu komið til leiðar á fjórum árum. Hins vegar voru Kristilegir demókratar búnir að hafa sextán ár til að koma hlutunum í gang en tókst það ekki heldur. Auðvitað er erfitt að segja hvað hefði orðið ef niðurstaðan hefði orðið önnur. En maður sér það í Hamborg, þar sem yfirstjórn menningarmála er mjög hægisinnuð, að það er erfiður róður fyrir tónlistarfólk og listafólk almennt. Menningarmálaráðherra Hamborgar, dr. Dana Horáková, sem

var sótt inn á ritstjórnina hjá Bild Zeitung, má kallast óhæf í því starfi. Ég held þó að þetta hefði versnað enn að miklum mun hefði Stoiber komist að. Ég er feginn því að hafa Schröder áfram!“

– Hvert er viðhorf þitt til hins fræga Ronalds Schill dómara, sem hefur ásamt hinum nýja flokki sínum komið rækilega við sögu í pólitíkinni í Hamborg?

„Ronald Schill er mikil skömm, bæði fyrir borgina og fyrir þýsku þjóðina!“

### Alæta á tónlist og verður að vera það

– Þegar þú ert að njóta tónlistar í frístundum, hvað hlustarðu helst á? Sjálfan þig?

„Nei, ekki sjálfan mig. En ég er alæta á tónlist og án þess gæti ég hreinlega ekki stundað þetta starf við upptökur og útgáfu. Ég gæti ekki unnið við þetta eftir stimpilklukku án þess að hafa neinn áhuga á þeirri tónlist sem ég er að vinna með hverju sinni. Einn daginn er ég kannski að vinna við að taka upp mainstream-djass og næsta dag er ég kominn til Spánar að taka upp fiðlutónlist. En eftir að vera búinn að hlusta með ítrustu athygli á margvíslega tónlist frá morgni til kvölds að heita má í þrettán ár, þá er eins og svolítið meira þurfi til að kitla skilningarvitin. Kannski þess vegna hlusta ég mikið á frjálsan spuna, á tónlistarfólk sem er kannski að hittast í fyrsta skipti og spila saman, alveg laust við allan fastan

rytma. Fólk sem hefur aldrei hlustað á slíkt finnst þetta kannski skrítíð. En mér finnst til dæmis mjög gaman að hlusta á tónlist sem er spiluð á píanó sem er búið að fylla af drasli eins og skrúfum og boltum og gúmmí. Ég hef gaman af öllum frjálsum spuna svo langt sem augað eygir!“

– Til Spánar að taka upp fiðlutónlist, sagðirðu. Ferðu mikið milli landa með allan búnað til að taka upp tónlist?

„Já, en að vísu þarf núorðið ekki svo mjög mikinn búnað. Digital-tæknin er orðin tiltölulega meðfærileg. Ég get pakkad þessu niður í nokkra kassa. Núna að undanförunu hef ég farið talsvert um með Íslendingi sem er búsettur úti í Þýskalandi, Guðna Emilssyni hljómsveitarstjóra, og gert upptökur með honum, einkum með kammersveitum sem hann er að stjórna.“

### Að koma heim til Bolungarvíkur

– Hvernig er tilfinningin að koma heim til Bolungarvíkur?

„Ég var núna að koma af rúntinum með mömmu og við keyrðum hverja einustu götu í bænum. Það voru margar spurningar sem vöknudu hjá mér, til dæmis hvers vegna það væru svona margar tómar íbúðir. Mér fannst það dálítið skrítíð. Til dæmis blokkirnar uppi á holtunum. Það sést í gegnum þær. Mér fannst þetta dálítið óhuggulegt. Dálítið sorglegt. Jafnvel þó að ég sé með bb.is sem startsíðu í tölvunni hjá mér í vinnunni, þá veit maður kannski ekki alveg

nákvæmlega hvað er að gerast á bak við hvert einasta skráargat!“

– En fjöllin eru á sínum stað ...

„Já, og það var ótrúlegt kikk að koma núna vestur með flugvélinni og fljúga út Djúpið. Útsýnið var alveg frábært. Það er ekki hægt að lýsa þeirri tilfinningu sem fylgir því að koma heim, heim í kyrrðina úr öllum þessum helvítis hávaða úti. Við fórum með strákinn hennar Írisar í skólann í morgun klukkan átta og löbbuðum um bæinn og það var allt svo kyrrt og rólegt. Svo kom allt í einu bíll keyrandi og okkur fannst alveg óskaplegur hávaði í honum. Það var bara af því að kyrrðin í kring var svo mikil. Úti er maður aldrei laus við þungan umferðarniðinn í borginni í eyrunum.“

### Geisladiskur og tónleikar

Geisladiskurinn sem fylgt er eftir á tónleikaferðinni í þessari viku nefnist einfaldlega „Hrólfur Vagnsson accordion & Blue Brasil“.

Hljómsveitina Blue Brasil skipa Iris Kramer á trompet, Marc André Krikula á gítar, Cesar Ferreira á slagverks-hljóðfæri, Gros Ngolle Pokossi á bassa og Guido Schmidt á trommur og síðan spilar Hrólfur á harmoniku. Eins og áður kom fram eru tónleikar í Víkur bæ í Bolungarvík kl. 21 annað kvöld, fimmtudagskvöld, og í Edinborg á Ísafirði á sama tíma á föstudagskvöld.

– Viðtal: Hlynur Þór.

# smáar

Til sölu eða leigu er 218m<sup>2</sup> einbýlishús að Móholti 9 á Ísafirði. Fimm herb., stór bílskúr og garður. Verð kr. 11,9 millj. Uppl. í síma 896 2880.

Til sölu er Subaru 1800 DL, árg. 91. Toppbill, óryðgaður. Upplýsingar í síma 863 3859 og 456 3727.

Til sölu er BMW 520i, árg. 91. Grár. Uppl. í síma 692 0314.

Til leigu er 3ja herb. 90 m<sup>2</sup> íbúð að Hlíðarvegi. Upplýsingar í síma 846 0215.

Til sölu er Subaru 1,8 GL árg. 1987, sjálfskiptur, skoðaður 03. Verð kr. 120 þús. Uppl. í síma 866 3326.

Miðillinn Valgarður Einarsson verður á Ísafirði dagana 17.-21. október. Tímarpantanir í síma 456 4245.

Til sölu er góður Brio barnavagn á kr. 30 þús. A sama stað fæst einnig VW Golf árg. 96 á kr. 550 þús. Ahvilandi er 200 þús. kr. Þægilegt bílalán. Uppl. í s. 456 5494 og 860 0269.

Til sölu eða leigu er 2ja herb. íbúð. Uppl. í síma 861 7860.

Til sölu er rúm, 120X200 cm á kr. 10 þús. A sama stað er til sölu svefnsofi á kr. 7.000. Uppl. í síma 864 5956.



## Skattstjórinn í Vestfjarðaumdæmi

### Starf sérfræðings

Skattstjórinn í Vestfjarðaumdæmi auglýsir starf sérfræðings laust til umsóknar. Starfið varðar álagningu og endurskoðun skattframtala aðila sem stunda atvinnurekstur.

Æskilegt er, að umsækjandi hafi reynslu af tölvumálum, hafi góða bókhaldspekkingu, þekki til framkvæmdar álagningar opinberra gjalda, geti lesið lagatexta og sé vel rittær.

Um er að ræða fullt starf, en ráðið verður í starfið frá 1. desember 2002. Laun eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna.

Nánari upplýsingar veitir skattstjóri í síma 450 3500. Umsóknarfrestur er til 28. október nk. Öllum umsóknum verður svarað.

Skattstjórinn í Vestfjarðaumdæmi  
Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði.

## Birna Lárusdóttir, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ

# „Ekki á leið út úr sveitarstjórnarpólitíkinni“

Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, er ein þriggja kvenna sem gefa kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í hinu nýja Norðvesturkjördæmi og tekur stefnuna á fjórða til sjötta sætið á framboðslista flokksins.

„Ég geri þetta fyrst og fremst vegna þess að ég hef mikinn áhuga á pólitík“, segir Birna. „Ég er búin að viðá að mér góðri reynslu í sveitarstjórnarmálum og geri ráð fyrir að sú reynsla muni koma sér vel á vettvangi landsmálanna. Ég stefni ekki að því að komast inn á þing sem aðalmaður að þessu sinni heldur hef ég áhuga á því í þessari atrennu að taka sæti á varannabekknunum. Það koma kosningar eftir kosningarnar í vor og ég hugsa fram í tímann. Ég á eftir að viðá að mér enn frekari reynslu í sveitarstjórnarmálum og vona að það nýst mér að fjórum árum liðnum.“

Birna á þrjú ung börn og segir hún að nú sé ekki rétti tíminn til að fara langan veg



Birna Lárusdóttir.

frá heim. „Ég bý samt svo vel að eiga mjög góða bakhjarla á heimilinu sem styðja mig með ráðum og dád og á því hef ég áhuga á því í þessari atrennu að taka sæti á varannabekknunum. Það koma kosningar eftir kosningarnar í vor og ég hugsa fram í tímann. Ég á eftir að viðá að mér enn frekari reynslu í sveitarstjórnarmálum og vona að það nýst mér að fjórum árum liðnum.“

Að mati Birnu bíður nýrra þingmanna Norðvesturkjördæmis mikil vinna við að samræma sjónarmið og hagsmuni íbúa á stóru landsvæði. „Í þessu nýja kjördæmi er margt í gerjun sem getur haft og á að hafa áhrif á stefnu-

mótandi ákvarðanir á landsvísu. Á þessu svæði er saman komin gríðarleg reynsla og þekking sem við eigum að nota til að hafa áhrif á setningu laga og reglugerða.

Þótt ég sé ekki ýkja hrifin af hinni nýju kjördæmaskipan leynast í henni ýmis tækifæri sem við megum ekki láta okkur úr greipum ganga. Þessi breyting er komin til að vera um sinn og því fyrr sem við byrjum að hugsa um okkur sem eitt kjördæmi því betra. Ég vil eiga þátt í því að búa börnunum mínum þannig samfélag að þau eigi enn betri tækifæri í lífinu en við höfum átt. Ég vil að þau geti haft frjálst val um hvar á landinu eða í veröldinni þau búa og geti gengið að því vísu að þau telji sig eiga jafna möguleika, hvar sem þau kjósa sér að eiga heima. Við eigum að leggja allt kapp á að Ísland sé í fremstu röð meðal ríkja heims og standist samkeppnina um börnin okkar“, segir Birna Lárusdóttir.

## Vegurinn inn í Engidal í Skutulsfirði

# Vonast er til að vegurinn verði orðinn sæmilegur innan fárra daga

Framkvæmdum við Engidalsveg í Skutulsfirði verður að líkindum haldið áfram á morgun, en hlé var gert fyrir um mánuði síðan vegna erfiðs tíðarfars. Vegagerðin var boðin út í vor en með útboðinu fylgdi endurgerð Hraunsvegur í Hnífsdal.

„Þegar rigning og bleyta hafði gert verktaknum, sem

er Tígur sf. í Súðavík, erfitt fyrir í nokkurn tíma færði hann sig út í Hnífsdal. Þeim framkvæmdum lýkur sennilega í dag og verður þá haldið áfram með Engidalsveg. Ef veður verður sæmilegt vonumst við til að vegurinn verði orðinn sæmilega góður eftir nokkra daga“, segir Geir Sigurðsson, rekstrarstjóri Vega-

gerðarinnar á Ísafirði. Meðan framkvæmdir hafa legið niðri hefur vegurinn verið lélegur og erfiður yfirferðar, en er þó fær flestum eða öllum bílum í þurru.

Í Engidal er orlofshús og spennustöð Orkubús Vestfjarða, útivistarsvæði Ísfirðinga og sveitabýli.

# kirkja

## Ísafjarðarkirkja:

Kirkjuskóli kl. 11:00 á laugardag. Guðspjónusta á sunnudag kl. 11.

## Flateyrarkirkja:

Bænastund á fimmtudag kl. 17:15. Kirkjuskóli á laugardag kl. 13:30.

## Hnífsdalskapella:

Kirkjuskóli á sunnudag kl. 13:00.

## Hólskirkja:

Opið hús fyrir foreldra og börn í Safnaðarheimilinu fimmtudaginn 17. október kl. 10-12. Sunnudagaskóli kl.

11:00 á sunnudag og guðspjónusta kl. 14:00. Á eftir verður kirkjukaffi í Safnaðarheimilinu.

## HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

# Býtibúrsvinna

Starfsmann vantar í býtibúrsvinnu. Vinnutími er frá kl. 17:00-19:30, sjö daga vikunnar, aðra hvora viku. Um er að ræða 22% starf.

Upplýsingar veitir ræstingarstjóri í síma 450 4500.

# Þakkir

Hjartans þakkir til fjölskyldu minnar, vina og vandamanna sem glöddu mig á 70 ára afmæli mínu 23. ágúst, með gjöfum og skeytum og gerðu þennan dag eftirminnilegan í lífi mínu. Guð blessi ykkur öll.

Kristín Guðmundsdóttir, Flateyri.

# Vígvöllur veganna

Nú hefur það gerst, að enn hefur umferðin tekið sinn toll á Vestfjörðum. Mæðgurnar sem slösuðust fyrir rúmri viku við bílveltu í Skutulsfirði létust á Landspítalanum í Fossvogi síðastliðinn fimmtudag. Eftir standa ættingjar og aðstandendur hnípnir í sorg sinni. Öllum hlutaðeigandi er vottuð djúp samúð. Þegar staðið er frammi fyrir dauðanum er vitað að engu verður breytt. Sorgin tekur syrgjandann grimmum tókum. Hið liðna verður ekki aftur tekið. Lifa verður með þessum skelfilegu atburðum.

Viku eftir slysið í Skutulsfirði lést maður í árekstri á Suðurlandi. Þar hafa orðið allnokkur banaslys á árinu. Fyrr í sumar týndu þrjár konur lífinu í árekstri í Rangárvallasýslu. Þegar þessi orð eru rituð hafa 29 manns tapað lífinu í umferðinni á Íslandi og enn lifa tveir og hálfur mánuður ársins. Enn er vetur ógenginn í garð. Skilyrði til aksturs eru því enn þrýðileg. Ekki verður unað við þessar skelfilegu mannfórnrir í umferðinni, sem hvert og eitt okkar verður að taka þátt í til þess hreinlega að geta tekið þátt í daglegum störfum og amstri samfélagsins.

En hvað er til ráða? Við spurningunni er greinilega ekkert einfalt svar. Áróður hefur verið reyndur, án þess að árangurinn hafi skilað sér nægilega vel til þess að fækka slysum. Lögregla um allt land heldur uppi eftirliti og sjaldan ef nokkurn tíma hafa fleiri verið teknir vegna of hraðs aksturs og gert að greiða sekt fyrir vikið, þar á meðal á Suðurlandi. En ljóst er að fælingarmáttur tapaðs

fjár fyrir glannaskapinn er ekki nægilega mikill. Reynt hefur verið að beita svokölluðu punktakerfi, en punktar safnast upp fyrir umferðarlagabrot, sem endar með því að viðkomandi ökumaður missir ökuréttindi í þrjá mánuði.

Ljóst er að áróður, fjársektir og yfirvofandi missir ökuskið teinis virðast ekki duga til að draga úr mannfórnum við þessa daglegu og sjálfsögðu iðju að ferðast í bíl milli tveggja staða um lengri eða skemmri vegalengd, stundum oft á dag. Enginn er óhultur. Samt berast stöðugt fréttir af því að fólk noti ekki bílbelti, af of hröðum akstri, af ölvun við akstur, og því sem verst er, að foreldrar festi ekki börn sín í viðeigandi öryggistæki. Alltaf glittir í sjónarmiðið, að það komi ekkert fyrir mig. En staðreyndirnar tala sínu máli. Enn hefur ekki verið rætt um meiðsl, sem langan tíma tekur að laga, og örkuð, sem aldrei lagast.

Á sama tíma aukast kröfur allra, meira segja sumra er gegna lykilhlutverki í löggæslu, að auka hraðann. Enginn veit svo sem hvar við værum stödd ef ekki væru uppi þær aðgerðir er að framan voru raktar. En hitt er algerlega ljóst hverjum hugsandi manni: Hugarfarsbreyting verður að koma til hjá öllum þeim sem aka bílum. Við verðum að gæta okkar og farþega okkar betur og búast ævinlega við því óvænta við hverja beygju, brekku eða brú. Hvar sem við ökum skulum við hafa gát á öðrum, en ekki síst okkur sjálfum.

## Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

## Netspurningin

### Spurt var:


### Ætlar þú í versunarferð til útlanda í haust?

Alls svöruðu 512.  
Já sögðu 55 eða 10,74%  
Nei sögðu 442 eða 86,33%  
Óvist sögðu 15 eða 2,93%

Netspurningin er birt vikulega á [bb.is](http://bb.is) og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



# Lærir hundaþjálfun í Svíþjóð



Ísfirðingurinn Drífa Gestsdóttir, dóttir þeirra Gest Benediktssonar og Bergljótar Pálmadóttur, hefur að undanfögnu lært í Svíþjóð ýmiskonar vísindi tengd hundum. Þannig hefur hún lagt stund á sjúkdómafræði og þjálfun, svo fátt eitt sé nefnt. Drífa hefur numið við Naturbruksgymnasíet Skedoms skolen í Sollefteå sem er í um það bil 520 kílómetra fjarlægð frá Stokk-hólmi.

„Þar getur maður lært allt um dýr, bæði lítil og stór. Við þennan skóla eru smá-dýrabraut, hestabraut og hundabraut. Hundapjálfunarbrautin er í samstarfi við Hundskolen sem er ein stærsta þjálfunarmiðstöð í Svíþjóð. Þar eru þjálfaðir blindrahundar, dópleitarhundar og mygluleitarhundar, sem leita að myglu í rafmagnsstaurum, og gas- og sprengjuleitarhundar.“

## Margir skemmdir og hálfgalnir

„Ég læri hreinlega allt um hunda. Byrjað var á sjúkdómafræði sem var mjög skemmtileg en erfið. Eftir tveggja vikna dvöl í skólanum fengum við okkar eigin hunda sem við berum fulla ábyrgð á og eigum að þjálfa. Auðvitað byrjum við ekki alveg strax að þjálfa, hundarnir þurfa fyrst að læra hlýðni og hlusta á það sem við segjum. Einnig þurfum við að kynna og læra að treysta hvert á annað.“

Þetta er ekki svona „sestu og leggstu“-námskeið. Margir af hundunum sem við fáum eru eldri en tveggja ára og hafa aldrei þurft að

hlýða eða hlusta. Margir eru skemmdir og hálfgalnir. En í því felst þjálfunin, að vita hver getur hvað.“

## Drífu og Kiwi gengur báðum vel

„Ég fékk svarta Schäferfík sem heitir Kiwi. Hún er rosa-lega þægileg og á gott með að læra. Þessa stundina erum við að þjálfa hundana í að finna lykt í loftinu. Ég fór með tíkina inn í skóg og hún átti að finna hvort einhverjir fleiri væru þar og láta mig vita án þess að gefa frá sér hið minnsta hljóð. Okkur gengur báðum vel í þessu. Þetta er skemmtilegt og krefst mikillar hreyfingar. Eftir áramót fáum við síðan nýja hunda og erfðari, svo sem þjónustuhunda, leitarhunda og lögregluhunda.“

Drífa kom til Sollefteå í mars 2001 og hefur síðan verið lærlingur með blindrahunda. Einnig hefur hún unnið með hunda þar sem hún býr.

„Þegar ég komst inn í skólann var ég í sjöunda himni því það er erfið að fá inn-göngu. Þar sækja yfirleitt um 150 manns um, en bara 16 komast inn. Þarna er rosa-lega gaman að vera og ég hef eignast marga og góða vini og



Drífa með Kiwi.

auðvitað lært sænska tungu og síði og hætti annarrar þjóðar.“

## Betra að skemmta sér á Íslandi

„Næstu jól verð ég í Svíþjóð en ætla nú samt að kenna krökkunum hér allt um íslensku jólasveinana, það eru engin jól án þeirra. Ég kvíði því nú samt aðeins, mér finnst jólin alltaf svo skemmtileg, svo ég tali nú ekki um ára-

mótin, en það verður gaman að prófa einu sinni að vera annars staðar.“

Ég veit ekki alveg hvenær ég kem heim. Mig langar til að koma þegar skólanum lýkur í vor og er að vona að ég fái eitthvað að gera í tengslum

við hundapjálfun, hver veit. Ég sakna auðvitað vina og fjölskyldu og það verður nú að segjast eins og er að það er betra að skemmta sér á Íslandi en í Svíþjóð,“ sagði Drífa Gestsdóttir í samtali við blaðið.

## Ísafjarðardjúp Tvær brýr breikkaðar

Menn frá verktakafyrirtækinu Græði á Flateyri hafa undanfarnar vikur unnið að því að breikka brýr í Ísafjarðardjúpi. Breikkunin hefur gengið með miklum ágætum og segir Valdimar Jónsson, framkvæmdastjóri Græðis, að verkið sé ári á undan áætluð.

„Við áttum að breikka brúna yfir Hvalskurðará í Skötufirði í ár og yfir Rjúkanda í Hestfirði á næsta ári. Þetta hefur hins vegar gengið svo vel að við ákváðum að klára báðar brýrnar nú í haust“, segir Valdimar. Framkvæmdum mun vera lokið í Skötufirði en brúin í Hestfirði verður kláruð í nóvember.



Vel gengur að breikka brúna yfir Rjúkanda í Hestfirði.

## Smábátafélagið Elding

## Guðmundur endurkjörinn formaður

Guðmundur Halldórsson í Bolungarvík var endurkjörinn formaður Smábátafélagsins Eldingar á norðanverðum Vestfjörðum á 17. aðalfundi félagsins sem haldinn var á Ísafirði fyrir stuttu. Um fimmtíu manns sátu fundinn en meðal gesta voru Arthúr Bogason, Örn Pálsson og Oddbjörg Friðriksdóttir frá Landssambandi smábátæigenda, Guðjón A. Kristjánsson alþingismaður og Sæmundur Ólason úr Grímsey, einn af forsvarsmönnum smábáta-

manna á Norðurlandi.

Stjórn Eldingar var öll endurkjörin en í henni eiga sæti, auk Guðmundar, þau Gunnlaugur Á. Finnbogason á Ísafirði, sem er ritari, Guðrún Pálsdóttir á Flateyri, Guðmundur Karvel Pálsson á Suðureyri og Páll Björnsson á Þingeyri. Ketill Elíasson í Bolungarvík er fulltrúi Eldingar í stjórn Landssambands smábátæigenda og gegnir jafnframt gjaldkerastörfum fyrir félagið.

# helgardagbókin

skemmtanir · fundir · fólk · sjónvarp · veður · íþróttir · fréttir · kirkjustarf

## smáar

Til leigu er 3ja herb. íbúð í miðbæ Isafjarðar. Laus strax. Uppl. í s. 587 4274 og 846 7469.

Til sölu eru Chicco barnabílstólar fyrir 0-13 kg og 13-18 kg. Uppl. í síma 867 0420.

Óska eftir gömlu sjónvarpi með skartengi fyrir leikjatölvuna mína, helst ókeypis eða fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 848 2096 eftir kl. 15.

Til sölu er MMC Lancer, 4X4, árg. '94, ekinn 130 þús. km. Selst á 100 þús. króna láni. Uppl. í síma 846 0480.

Til sölu eða leigu er 2ja herb. íbúð. Uppl. í síma 861 7860.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Úrðarvegi 78 með sérinngangi. Uppl. í símu 456 3928 eða 456 4323.

Óska eftir ódýrri hljómþækjasmæðu. Upplýsingar í síma 849 8836.

Óska eftir 2-3ja herb. íbúð. Á sama stað er til sölu Suzuki Vitarajeppi árg. 1998 á kr. 980.000.- Uppl. í síma 849 0113.

Til sölu eru dverghamstrar á kr. 500 pr. stk. Upplýsingar í síma 456 4011.

Til sölu er Galloper árg. 1998, ekinn 77 þús. km. Skipti á ódýrari bíl koma til greina. Upplýsingar í símu 848 3411 og 892 3464.

Þökkum frábær viðbrögð! Flóamarkaður JC Vestfj. í Vestrahúsinu heldur áfram. Næst verður opið laugardaginn 26. okt. og 2. nóv. frá kl. 11-16.

Til sölu er 4X100 W Alpine bílamagnari og 60W bassakeila DLS. Uppl. í síma 699 3068.

Tölvuhlutir til sölu! Skjá kort, G-force 2, 32 mb., TV-out f. PC-rauf á kr. 3.000, 256 mb vinnsluminni á kr. 1.000, 250 W afgjafi á kr. 1.000, lykklaborð á kr. 500. Uppl. í s. 456 3470.

Flóamarkaður! Erum að safna, sækjum heim. Engilega láttu okkur vita ef þú vilt losa pláss í geymslunni eða bílskúrnum. Sækjum heim smátt sem stórt. Uppl. í símu 863 1616, 867 7942 og 690 3115.

Vélstjóri óskast eftir starfi. Flest kemur til greina. Réttindi: VS III (1000 hö). Upplýsingar í síma 456 3470 og 847 3422.

Vantar litla 2ja herb. íbúð á leigu. Uppl. í s. 868 0719.

Óska eftir 3ja herb. íbúð á Ísafirði. Uppl. í síma 896 0530.

Strandamenn! Aðalfundur Áttahagafélags strandamanna verður haldinn á Hótel Ísafirði, 5. hæð, fimmtudaginn 24. okt. kl. 20:00. Stjórnin.

Til leigu er 3ja herb. íbúð að Engjavegi 17. Er laus. Uppl. í síma 867 0397.

Til sölu er gamaldags furusófaborð á kr. 10 þús. Upplýsingar í síma 456 3286.

Óska eftir að leigja 3-4ra herb. íbúð á eyrinni á Ísafirði. Uppl. í síma 456 5280.

Gervigæsirnir eru enn ósottar. Upplýsingar í síma 691 4546.

BB – Smáauglýsingar



SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 18. október

- 16.10 At
- 16.40 Stubbarnir (28:90)
- 17.05 Leiðarljós
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.00 Carnegie Art Award. Bein útsending frá verðlaunaafhendingu og opnun sýningar norrænnar nútímamálalistar í Listasafni Reykjavíkur.
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
- 20.10 Gínt í gildru. (Tourist Trap) Ævintýramynd frá 1998 um bankamann sem fer með fjölskyldu sína í afar mislukkað ferðalag. Aðalhlutverk: Yvonne Campeau, Wally Dalton, Garry Davey og Stephen Dimopoulos.
- 21.40 Af fingrum fram. Jón Ólafsson spjallar við íslenska tónlistarmenn og sýnir myndbrot frá ferli þeirra. Gestur hans í þættinum í kvöld er Pétur Kristjánsson.
- 22.25 Þrettán dagar. (Thirteen Days) Bandarísk bíómynd frá 2000 um þá Kennedy-bræður, John og Robert, meðan Kúbudeilan stóð yfir, í október 1962. Aðalhlutverk: Shawn Driscoll, Kevin Costner, Bruce Greenwood og Steven Culp.
- 00.45 Örlög ráða. (Déjà Vu) Bíómynd frá 1997. Verslunareigandinn Dana í Los Angeles og Englendingurinn Sean verða ástfangin við fyrstu sýn, en Sean er giftur og Dana að fara að gifta sig. Aðalhlutverk: Stephen Dillane, Victoria Foyt og Vanessa Redgrave. e.
- 02.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

Laugardagur 19. október

- 09.00 Morgunstundin okkar
- 09.02 Stubbarnir (56:90)
- 09.26 Malla mús (27:52)
- 09.33 Undrahundurinn Merlín
- 09.36 Póstkassinn
- 09.45 Fallega húsið mitt (16:30)
- 09.52 Líska (5:13)
- 09.57 Babar (50:65)
- 10.09 Póstkassinn
- 10.23 Krakkarnir í stofu 402 (31:40)
- 10.45 Hundrað góðverk (11:20)
- 11.10 Kastljósið
- 11.35 At
- 12.05 Geimskipið Enterprise (2:26)
- 12.50 Svona var það (4:27)
- 13.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í úrvalsdeildinni.
- 15.30 Handboltakvöld
- 15.50 Íslandsmótið í handbolta. Bein útsending frá leik Gróttu/KR og Vals í Essodeild karla.
- 17.55 Táknmálsfréttir
- 18.05 Forskot (33:40)
- 18.54 Lottó
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.40 Laugardagskvöld með Gísla. Gíslur spjallar við tónlistarmenn og sýnir myndbrot frá ferli þeirra. Gestur hans í þættinum í kvöld er Pétur Kristjánsson.
- 20.25 Spaugstofan
- 20.50 Astríkur og Steinríkur. Frönsk ævintýramynd frá 1999 byggð á teiknimyndasögnum um Astrík galvaska og Steinrík alvaska. Aðalhlutverk: Gérard Depardieu, Christian Clavier, Roberto Benigni og Laetitia Casta.
- 22.40 New York-sögur. (New York Stories) Bíómynd frá 1989. Í myndinni eru sagðar þrjár sögur frá New York; ein um málara sem verður ástfanginn af lærlingum sínum, önnur um litla stúlku sem reynir að setta foreldra sína og sú þriðja um gyðing sem á í erfiðleikum með að losna við mömmu sína. Meðal leikenda eru Woody Allen, Mia Farrow, Nick Nolte, Rosanna Arquette og Steve Buscemi.
- 00.40 Kletturinn. (The Rock) Bandarísk spennamynd frá 1996. Efnaræðingur og fangi eru kallaðir til þegar hermenn hóta að gera taugagassrás á San Francisco frá Alcatraz-fangelsinu. Aðalhlutverk: Sean Connery, Nicolas Cage, Ed Harris og John Spencer. e.
- 02.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

Sunnudagur 20. október

- 09.00 Morgunstundin okkar
- 09.01 Disneystundin
- 09.55 Bubbi byggir (4:26)
- 10.06 Tónlistarhornið
- 10.12 Kobbi (13:13)
- 10.28 Franklín (40:65)
- 11.00 Nýjasta tækni og vísindi
- 11.15 Spaugstofan
- 11.40 Laugardagskvöld með Gísla
- 12.25 Mósaík
- 13.00 Dashiell Hammett
- 14.00 Flugsaga Íslands (2:4)
- 14.40 Af fingrum fram
- 15.25 Anne Sofie von Otter
- 16.00 Líf og læknisfræði (5:6)
- 16.30 Maður er nefndur

- 17.00 Markaregn
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.00 Stundin okkar
- 18.30 Kraftaverkastrákurinn (1:3)
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
- 20.00 Flugsaga Íslands (3:4) (3. þáttur: Flug verður almannaþing) Hér segir af því er almenningur átti þess í fyrsta skipti kost að kaupa sólarlandaferðir á viðráðanlegu verði. Hörð samkeppni á milli Flugfélag Íslands og Loftleiða í lok fimmta áratugarins og í upphafi þess sjötta, var áberandi. Mikill áhugi var á flugnámi og nokkur lítill flugfélög voru stofnuð. Einnig er einnig fjallað um flugrekstur Landhelgisgæslunnar.
- 20.35 Líf á nýjum slóðum (1:6)
- 21.25 Helgarsportíð
- 21.50 Möltufálkinn. (The Maltese Falcon) Bandarísk bíómynd frá 1941. Einkaspæjarinn Sam Spade rannsakar morðið á félag sínum. Allt í einu er hann umkringdur undarlegu fólki sem vilf komast yfir Möltufálkann, gyllta stytta sem talið er að gimsteinar leynist í. Aðalhlutverk: Humphrey Bogart og Mary Astor.
- 23.55 Kastljósið
- 00.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlök



Föstudagur 18. október

- 06.58 Ísland í bítið
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.20 Í finu formi
- 09.35 Oprah Winfrey
- 10.20 Ísland í bítið
- 12.00 Neighbours
- 12.25 Í finu formi
- 12.40 Spin City (3:26)
- 13.00 Jonathan Creek (11:18)
- 13.50 Thieves (7:10)
- 14.45 Ved Stillebækken (16:26)
- 15.10 Tónlist
- 15.35 Andrea
- 16.00 Barnatími Stöðvar 2
- 17.40 Neighbours
- 18.05 The Osbournes (6:10)
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 19.30 Greg the Bunny (5:13)
- 20.00 Life-Size. (Dikkuliff) Ævintýralag gamanmynd. Stúlka reynir að vekja móður sína aftur til lífsins. Fyrirætlun hennar gengur ekki eftir en í stað þess hefur dökk stúlkunnar óðlast líf! Aðalhlutverk: Lindsay Lohan, Jere Burns, Tyra Banks.
- 21.40 Exit Wounds. (Spillingarfen) Hörkuspennandi mynd um baráttu eins manns við spílltar löggver. Orin Boyd, lögreglumaður í Detroit, fær skómm í hattinn þrátt fyrir að hafa bjargað lífi varaforsettans. Hann starfar nú með löggum sem leggjast svo lágt að koma fíkniefnum í hendur eiturfyljasala. Boyd er meira en nóg boðin en hvað getur einn lögreglumaður afrekað þegar spillingin er allsráðandi? Aðalhlutverk: Steven Seagal, DMX, Isaiah Washington.
- 23.20 True Crime. (Dauðadómur) Spennamynd með úrvalsleikurum. Rannsóknarblaðamanninum Steve Everett er ætlað að taka síðasta viðtalið við Frank Beachum sem býður dauðadóms. Everett hefur glímt við vandræði í einkalífnum og virðist ekki rétti maðurinn til að taka að sér svo krefjandi verkefni. Hann verður þó fljót gagntekinn af viðfangsefnum og við frekari rannsókn vakna miklar efasemdir. Getur verið að Beachum verði tekinn af lífi fyrir glæp sem hann frami ekki? Aðalhlutverk: Clint Eastwood, Isaiah Washington, Denis Leary, James Woods, Lisa Gay Hamilton.
- 01.25 Sour Grapes. (Berin eru súr) Þessi svarta kómédia fjallar um tvo frændur sem skella sér í frí til Atlantic City þar sem þeir eru ekki lengi að eyða peningunum í spílavítunum. Þegar Richie lætur síðasta peninginn falla gefur Evan honum smápening svo hann geti átt möguleika á stóra vinningnum. Og viti menn! Richie vinnur 436 þúsund dali en neitar að skipta vinningnum með frænda sínum. Bráðfyndin mynd um græðgi og afbrýðisemi. Aðalhlutverk: Steven Weber, Craig Bierko, Matt Keeslar.
- 02.55 Ísland í dag, íþróttir og veður
- 03.20 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 19. október

- 08.00 Barnatími Stöðvar 2
- 09.55 The Land Before Time 7
- 11.05 Svalur og Valur
- 11.30 Friends I (15:24)
- 11.50 Bold and the Beautiful
- 13.45 Enski boltinn
- 16.00 Alltaf í boltanum
- 16.25 60 mínútur
- 17.15 Sjálfstætt fólk
- 17.40 Oprah Winfrey
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.55 Lottó

## Katie Hudson í rokkinu

Patrick Fugit og Katie Hudson leika aðalhlutverkinn í myndinni Slá í gegn eða Almost Famous sem Stöð 2 sýnir kl. 22:35 á laugardagskvöld. William Miller er heppnari en flestir aðrir. Hann er bara 15 ára en samt hefur honum verið falið að skrifa grein í Rolling Stone. William ætlar að fjalla um líf liðsmanna í frægri rokksveit og heldur af stað með stjórnum í tónleikaferð. Margt gerist síðan á bak við tjöldin.



19.30 The Osbournes (7:10) Ozzy er að jafna sig eftir fótbrotið og leggur því upp í tónleikaferð sína. Sharon, Jack og Kelly mæta til Chicago og koma honum á óvart á afmælinu hans.

20.00 Spin City (9:22)

20.30 Screwed. (Plataður upp úr skónum) Gamannmynd. Bílstjóri auðugrar konu renir hundinum hennar og krefst lausnargjalds. Hundurinn sleppur úr haldi og ratar til eiganda síns en þar með er ekki öll sagan sögð. Ríka konan heldur að bílstjóranum sínum hafi verið rænt en ekki hundinum og málið flæxist enn frekar. Aðalhlutverk: Norm Macdonald, David Chapelle, Elaine Stritch.

22.35 Almost Famous. (Slá í gegn) William Miller er heppnari en flestir aðrir. Hann er bara 15 ára en samt hefur honum verið falið að skrifa grein í Rolling Stone. William ætlar að fjalla um líf meðlima í frægri rokksveit og heldur af stað með stjórnum í tónleikaferðalag. Það gerist margt á bak við tjöldin og William upplifir ótrúlegustu hluti. Aðalhlutverk: Patrick Fugit, Billy Crudup, Kate Hudson, Frances McDormand.

00.40 The Green Mile. (Grana milan) Þessi frábæra mynd er enn ein skrautljóðurin í hatt stórleikarans Toms Hanks sem fer mikinn í aðalhlutverkinn ásamt Michael Clarke Duncan. Hér segir af risanum John Coffey sem hefur verið dæmdur fyrir morð á tveimur börnum. Þetta er enginn venjulegur maður og ýmislegt óvenjulegt gerist á göngum dauðadeildarinnar þessa mögnuðu daga árið 1930. Aðalhlutverk: Tom Hanks, Michael Clarke Duncan, Bonnie Hunt.

03.45 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 20. október

- 08.00 Barnatími Stöðvar 2
- 11.10 Greg the Bunny (5:13)
- 11.35 Undeclared (16:17)
- 12.00 Neighbours
- 13.50 60 Minutes II
- 14.35 Mótorsport
- 15.00 Reach the Rock
- 16.50 Einn, tveir og elda
- 17.15 Andrea
- 17.40 Oprah Winfrey
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
- 19.30 Viltu vinna milljón?
- 20.20 Sjálfstætt fólk
- 20.50 Edges of the Lord. (Skjólíð) Í seinni heimsstyrjöldinni fóru þúsundir gyðinga huldu höfði. Romek, 12 ára gyðingastrák, er komið fyrir hjá kaþólskrum bændafjölskyldu. Til að leyfa sannleikanum segir fjölskyldan aðspurð að Romek sé fjarskyldur ættingi úr borginni. Áhættan er samt mikil því komist upp um Romek verður öll bændafjölskyldan tekin af lífi. Aðalhlutverk: Haley Joel Osment, Willem Dafoe, Liam Hess, Richard Banel.
- 22.25 60 mínútur
- 23.15 Marvin's Room. (Herbergi Marvin's) Hér sýna nokkrir helstu leikarar samtímans stórleik í áhrifarfrí mynd um tvær mjög ólíkar systur, Bessie og Lee, en það hefur aldrei verið kært á milli þeirra. Þegar Bessie fær mjög váleg tíðindi frá lækni sínum verður það til

þess að Lee flytur til hennar með syni sína tvo en annar þeirra er vandræðagemlingur. Aðalhlutverk: Meryl Streep, Diane Keaton, Leonardo DiCaprio, Robert De Niro.

00.50 Rejseholdet (27:30) (Liðsaukinn) Í Bornholm er 15 ára stúlku saknað en hún skilaði sér ekki heim eftir parti. Þegar hún finnst myrt daginn eftir er Liðsaukinn kallaður á staðinn en morðið á henni virðist tengjast nokkrum óupp lýstum málum víðs vegar um landið.

01.45 Tónlistarmyndbönd



Föstudagur 18. október

- 18.00 Sportíð
- 18.30 Íþróttir um allan heim
- 19.30 Alltaf í boltanum
- 20.00 South Park 6 (2:17)
- 20.30 Harry Enfield's Brand Spankin
- 21.00 Way of the Dragon (Íklóm drek-

## SPORTIÐ Í BEINNI...



Sjónvarpið

Laugardagur 19. október kl. 13:55

Þýskiboltinn: Leikur óákveðinn

Laugardagur 19. október kl. 15:50

Íslandsmótið í handbolta: Gróttu/KR – Valur

Sýn

Laugardagur 19. október kl. 10:40

Enski boltinn: Leeds United – Liverpool

Laugardagur 19. október kl. 16:20

Enski boltinn: Stoke City – Wolves

Laugardagur 19. október kl. 19:00

Spænski boltinn: Leikur óákveðinn

Sunnudagur 20. október kl. 14:45

Enski boltinn: Charlton Athletic – Middlesbrough

Mánudagur 21. október kl. 18:50

Enski boltinn: Aston Villa – Southampton

Þriðjudagur 22. október kl. 18:30

Meistaradeild Evrópu: Arsenal – Auxerre

Þriðjudagur 22. október kl. 20:40

Meistaradeild Evrópu: Lyon – Inter Milan

Miðvikudagur 23. október kl. 18:30

Meistaradeild Evrópu: AC Milan – Bayern München

Miðvikudagur 23. október kl. 20:40

Meistaradeild Evrópu: Newcastle – Juventus

# Rahb-barinn Bolungarvík

# Þórunn og Halli skemmta á laugardagskvöld

Russell Tresh sem ætlar sér að ná mannkyninu á sitt vald með því að stjórna heilastarfsemi manna. *Adalhlutverk: Matt Frewer, Suzanne Davis.*  
01.40 Dagskrárlok og skjáleikur

Laugardagur 19. október

10.40 Enski boltinn. Bein útsending frá leik *Leeds United* og *Liverpool*.  
16.20 Enski boltinn. Bein útsending frá leik *Stoke City* og *Wolverhampton Wanderers* í 1. deild.  
18.50 Lottó  
19.00 Spænski boltinn. Bein útsending.  
21.00 Small Time Obsession. (*Smákrímsstand*) Saga um ástir og svik. Við kynnumst nokkra vinum í Suður-Lundúnum. Þeim gengur hægt á frama-brautinni og einn þeirra leiðist út í afbrot. Hinir vilja ekki gera glæpi að atvinnu sinni og nú er vináttan í húfi. Astarmálin koma líka við sögu og gera það að verkum að vinirnir verða að taka afdrifarfa ákvörðun. *Adalhlutverk: Alex King (II), Juliette Caton, Jason Merrells, Oliver Young.*  
22.45 MAD TV  
23.45 Hnefaleikar - F. Mayweather  
01.25 Pleasure World. Erótísk kvikmynd.  
03.00 Another Japan (3:12)  
03.25 Dagskrárlok og skjáleikur

Sunnudagur 20. október

14.45 Enski boltinn. Bein útsending frá leik *Charlton Athletic* og *Middlesbrough*.  
17.00 Meistaradeild Evrópu. Farið er yfir leiki síðustu umferðar og spáð í spil-in fyrir þá næstu.  
18.00 Ernest Goes to Africa. (*Ernest í Afríku*) Hinn óborganlegi Ernest P. Worr-ell er enn á ferðinni og nú dregur ævintýr-þrábráin hann alla leið til Afríku. Þar ætlar hann að freista þess að bjarga draumastúlunninni sinni, Rene, úr klóm illræmdra glæpamanna. Á leiðinni leyntast margar hættur en vinur okkar er hvergi banginn. *Adalhlutverk: Jim Varney, Linda Kash, Jamie Bartlett, Claire Marshall.*  
19.30 Golfmót í Bandaríkjunum  
20.00 Rejscholdet (3:16)  
21.00 To Walk with Lions. (*Konungur ljónanna*) Heillandi kvikmynd um rétt-sýnan mann sem stendur fát á sínu. George Adamson hefur gert það að ævi-starfi sínu að verja ljón fyrir veiðijöfum og öðrum ámóta óþjóðalýð. Margir girn-ast þessi tignarlegu dýr en Adamson vill að ljónin fái að njóta sín í náttúrunni. *Adalhlutverk: Richard Harris, Ian Bannen, John Michie.*  
22.50 Full Blast. (*Kjafstur og klær*) Spennumynd um vafasamt hátterni gesta í tilteknum næturklúbbi í Detroit. Maceo heitir náunginn sem á staðinn en hann á skrautlegan feril að baki. Spilaskuldirmar hrannast upp hjá honum og helsta starfs-manni hans, þokkadísinni Lindsey. Handrúkkarnir eru á leiðinni og sömu-leiðis tvö glæpagengi sem eiga óupp-gerðar sakir við hann. *Adalhlutverk: David Carradine, Tracy Lords, Michael Wyle, Andrew Heckler.*  
00.20 Go Now. (*Kveðjustundin*) Róman-tískt drama sem fjallar um Nick sem á þrjú áhugamál: fótbolta, pöbblinn og fé-lagana. Hann kynnist ungri konu, Karen, og verður ástfanginn af henni. Stuttu eftir að þau byrja að búa saman fellur skuggi á hamingju þeirra þegar Nick greimist með MS-sjúkdóminum og getur því ekki stundað áhugamál sín lengur en Karen stendur við hlið hans eins og klettur. *Adalhlutverk: Robert Carlyle, Juliet Aubrey, James Nesbitt.*  
01.45 Dagskrárlok og skjáleikur



Föstudagur 18. október

17:30 Muzik.is  
18:30 Poppunktur (e)  
19:30 Jamie K. Experiment (e)  
19:50 Heiti Potturinn  
20:30 Girlfriends. Gamanþáttur um fjórar vinkonur sem láta sér ekki allt fyrir brjósti brenna og neita alfarið að skrifa upp á að konur sér konum verstar.  
20:55 Haukur í horni.  
21:00 Charmed. Þokkanornirnar þrjár eru umsetnar af illum öndum og öðrum verum frá handanheiminum en meðan þær standa saman er öllu hægt að bjarga.  
22:00 Djúpa laugin.  
23:00 Will & Grace (e)  
23:30 Malcolm in the middle (e)  
00:00 CSI (e)  
00:50 The Bachelor - Lokapáttur (e)  
01:40 Jay Leno (e)  
02:50 Muzik.is

Laugardagur 19. október

## Fasteignaviðskipti

TRYGGVI GUDMUNDSSON HÖL  
Hafnarstræti 1 - Ísafirði  
Símar: 456 3940 & 456 3244  
Fax: 456 4547 - Netfang: tryggvi@snepa.is  
Heimasíða: www.bb.is/tg

### Einbýlishús/raðhús:

Hafraholt 50: 138,4 m<sup>2</sup> Hosby einingahús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð 12,9 m.kr.  
Hlíðarvegur 37: 185,9 m<sup>2</sup> raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr og einstaklingsíbúð. Skipti á minni eign koma til greina. Verð 10,2 m.kr.

Hlífsdalsvegur 10: 120,9 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt grónum garði og eignarlöð Laust fjötlega. Tilboð óskast  
Seljalandsvegur 2: 151,2 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum, bílskúr og Hlíðarvegi 9 getur fylgt í kaupum. Tilboð óskast  
Seljalandsvegur 71: 167,2 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt imbyggðum bílskúr og 106,7 m<sup>2</sup> séríbúð á n.h.

Tilboð óskast  
Urðarvegur 33: 306,3 m<sup>2</sup> glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð 16 m.kr.  
4-6 herbergja íbúðir:  
Fjarðarstræti 14: 100 m<sup>2</sup> falleg 4ra herbergja íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt 60m<sup>2</sup> kjallara og 27,8 m<sup>2</sup> geymsluskúr. Baklóð fylgir neðri hæðinni. Áhv. ca. 1,5 m.kr. Tilboð óskast  
Urðarvegur 45: 103 m<sup>2</sup> 4ra herbergja séríbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt 30 m<sup>2</sup> bílskúr. Verð 7,8 m.kr.

3ja herbergja íbúðir:  
Egjavegur 31: 92,1 m<sup>2</sup> 3ja herb. íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi í góðu standi. Verð 5,8 m.kr.  
Fjarðarstræti 38: 3-4ra herb. íbúð að hluta undir risi. Íbúðin er í góðu standi. Verð 4,5 m.kr.  
Hlíðarvegur 33: 79,1 m<sup>2</sup> íbúð á neðri hæð í fjórþýlishúsi ásamt góðum bílskúr. Verð 6,9 m.kr.  
Hlífi II Torfensi: 62,5 m<sup>2</sup> 2ja-3ja

herb. íbúð á jarðhæð í Dvalarheimilisádráðra. Verð 7,1 m.kr.  
Pólgata 6: 55 m<sup>2</sup> risíbúð á 3ju hæð í fjölþýlishúsi. Verð 3,9 m.kr.  
Silfurgrata 11: 56,2 m<sup>2</sup> (75m<sup>2</sup> gólfblödur, mikið rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með fríþæru útsýni. Ötrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.  
Stórholt 9: 80,9 m<sup>2</sup> góð íbúð á 1. hæð í fjölþýlishúsi ásamt sér geymslu og sameign. Áhv. ca. 2,4 m.kr. Verð 5,3 m.kr.  
Stórholt 11: 72,6 m<sup>2</sup> íbúð á jarðhæð í fjölþýlishúsi ásamt sér geymslu. Tilboð óskast  
Stórholt 13: 79,2 m<sup>2</sup> íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölþýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Möguleiki að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. Verð 5,5 m.kr.  
Sundstræti 34: 93 m<sup>2</sup> glený 3ja herb. íbúð á 2. hæð í fjölþýlishúsi ásamt bílskúr. Verð 9,5 m.kr.  
Túngata 13: 76,1 m<sup>2</sup> þriggja herbergja íbúð á efri hæð í þrjúþýlishúsi ásamt ómreittuðu geymsluofni og geymslu í kjallan. Verð 2,9 m.kr.  
Urðarvegur 49: 102,5 m<sup>2</sup> kjallaraíbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Tilboð óskast

2ja herbergja íbúðir:  
Mjallargata 1: 67,9 m<sup>2</sup> íbúð í góðu standi á 2. hæð í fjölþýlishúsi. Áhv. ca. 3,6 m.kr. Verð 6,5 m.kr.  
Túngata 18: 53,4 m<sup>2</sup> íbúð á 1. hæð í nýlega upperðu fjölþýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 4 m.kr.

Suðureyri:  
Hjallavegur 11: 138,2 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð. Verð 3 m.kr.  
Hjallavegur 29: 196,7 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt innbyggðum bílskúr. Uppgert að hluta. Tilboð óskast  
Bolungarvík:  
Hlíðarstræti 6: 113 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Tilboð óskast

12:30 Mótur (e)  
13:00 Tvöfaldur Jay Leno (e)  
14:45 Heiti Potturinn (e)  
15:30 Spy TV (e)  
16:00 Djúpa laugin (e)  
17:00 Survivor 5 (e)  
18:00 Fólk - með Sirry (e)  
19:00 The Bachelor - Lokapáttur.  
20:00 Jamie Kennedy Experiment. Jamie Kennedy er uppistandari af guðs náð en hefur nú tekið til við að koma fólk í óvæntar aðstæður og fylgjast með viðbrögðum þeirra. Og allt að sjálf-sögðu tekið upp á falda myndavél.  
20:30 Everybody Loves Raymond. Ray og Debra eru venjuleg hjón sem búa í úthverfi en það er líka það eina venjulega við þau. Foreldrar Ray og bróðir búa nefnilega á móti þeim og þar sem þau eru, þar er fjandinn laus.  
21:00 Poppunktur. Poppunktur er Fjölþýttur og skemmtilegur spurningaþáttur þar sem popparar landsins keppa í poppræðum. Umsjónarmenn þáttarinn eru þeir Felix Bergsson og Gunnar Hjálmarsson (dr. Gunni).  
22:00 Law & Order CI (e) Í þessum þáttum er fylgst með störfum lögreglu-deildar í New York en einnig með glæpamönnum sem hún elst við Áhorfendur upplifa glæpin frá sjónarhorni þess sem fremur hann og síðan fylgjast þeir með refsákinni sem hefst er lögreglan reynir að finna þá.  
22:50 Law & Order SVU (e)  
23:40 Tvöfaldur Jay Leno  
01:10 Muzik.is

Sunnudagur 20. október

12:30 Silfur Egils. Silfur Egils hefur fest sig í sessi sem mikils metinn vettvangur pólitískrar og málefnalegar umræðu og hefur frá upphafi verið einn umtaladasti sjónvarpsþáttur landsins; skemmtilegur og óháður. Hann hefur nú göngu sína á ný, fjórða veturinn í röð og verður í vetur boðið upp á ýmsar nýjungar.

Hvað er að ske? Á helginni  
17. okt - 22. Okt.



## hafið

Mest sóttá íslenska myndin á árinu

Fimmtudag kl 9  
Föstudag kl 9  
Sunnudag kl 9  
Mánudag kl 9  
Þriðjudag kl 9  
Bönnuð innan 12

## OKTÓBER HÁTÍÐ UM HELGINA SJALLINN Fimmtud. - sunnudagskv. Og KRÚSINNI laugardagskvöld

Hann flæðir á tínu verði

Á NÆSTUNNI  
Tvær aukasýningar



NOBBI YERDIR UPP Á GÓMAN OG TANDANAS HEGGJA BÉTTLA KYLDUVERIR  
UNDIR SLÓBEN HOKSTEPS PRÁNSSONAR MATREIÐSLUMENTARA  
MÍÐLA OG BOKSÍÐAFANTASIR Í SÍMA 456 3945 (EFTIR 10)

## Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

## Fasteignaviðskipti

## Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar  
eru veittar á skrifstofu

## veðrið

**Horfur á fimmtudag:**  
Norðan- og norðaustan 5-10 m/s og víða léttskýjað að mestu og dálítill el eða slydduél norðan- og austantil. Hiti 0-7 stig.

**Horfur á föstudag:**  
Norðlæg átt, 8-13 m/s. Bjartviðri sunnan- og suðvestantil, en snjóél á Norður- og Austurlandi. Heldur kólnandi veður.

**Horfur á laugardag:**  
Norðlæg átt, 8-13 m/s. Bjartviðri sunnan- og suðvestantil, en snjóél á Norður- og Austurlandi. Heldur kólnandi veður.

**Horfur á sunnudag:**  
Breytileg átt, skýjað með köflum og stöku él. Hiti í kringum frostmark.

**Horfur á mánudag:**  
Breytileg átt, skýjað með köflum og stöku él. Hiti í kringum frostmark.

## netið

Hver eru uppáhalds bókamerkin þín á Netinu?  
Ísak Jón Benjamínsson, kerfisstjóri hjá Snerpu ehf. á Ísafirði svarar:

„Ég skoða margar milljónir af síðum, en flestar þegar ég er kominn heim úr vinnunni.



Ég skoða *iso.is* til að fá slúður bæjarins. Heimasíðu slökkviliðs Ísafjarðarbæjar, *isafjordur.is/is/slokkvilið*, má ekki

gleyma, en þar les ég fréttir af félögum mínum í slökkviliðinu. Á síðunni er

síðan netspjall þar sem allir geta tekið þátt í. Svo er það náttúrliga *slash dot.org* og *freshmeat.net*, sem eru heimasíður fyrir tölvunörda. Vefurinn

*flemcomics.com* er alveg snilldar teiknimyndapráður, frekar klúrinn og ofbeldisfullur vefur sem er kannski ekki fyrir alla. Svo

fer ég oft inn á *bloggari.is*, sem er dagbók Birgis Þórs Halldórssonar sem vinnur við hliðina á mér í Snerpu og *murkari.com*.“

bb.is vefur dagsins!



## Ísafjörður

### Fær leyfi til vínveitinga

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt það til við bæjarstjórn, að veitt verði vínveitingaleyfi til Hvíldarkletts ehf. vegna reksturs veitingastaðar við Mánagötu 1 á Ísafirði, að uppfylltum þeim skilyrðum er lög og reglugerðir kveða á um. Eins og greint hefur verið frá skorðuðu níu íbúar við Mánagötu og Hrannargötu á bæjaryfirvöld að synja væntanlegum rekstraraðila staðarins um leyfi til vínveitinga eftir miðnætti. Ekki verður farið eftir þeim tilmælum.

Ekki verður farið í grenndarkynningu, eins og iðulega er gert áður en nýjum stöðum er veitt vínveitingaleyfi, enda er hér ekki beinlínis um nýjan veitingastað að ræða.

„Þarna hefur verið rekinn veitingastaður mjög lengi og gert er ráð fyrir honum í skipulagi. Þess vegna geta bæjaryfirvöld í sjálfu sér ekki sett sig upp á móti því að staðurinn fái vínveitingaleyfi. Væntanlegur rekstraraðili hyggst þar að auki beina umferð gesta um inngang sem liggur að Hafnarstræti“, segir Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

## Hvalir gæða sér á smáfiski á lokuðu svæði á Halamiðum

# Skipstjórar á svæðinu óhressir með lokunina

Hvalir í tuga ef ekki hundruðatali á Halamiðum út af Vestfjörðum gæddu sér á smáfiski á skyndilokuðu svæði Hafrannsóknarstofunar í síðustu viku. Varðskipsmenn fóru í nokkra togara til aflaefirlits og lokuðu svæðinu í kjölfarið. Skipstjórar á svæðinu voru óhressir með lokunina og töldu hana óþarfa. Var haft á orði að einhver þyrfti

að koma þessum skilaboðum til hvalanna sem þarna vaða um og hafa greinilega komist í girnilegt æti.

Varðskip var nýlega á Halamiðum út af Vestfjörðum og fór í nokkra togara til aflaefirlits. Á svæðinu voru átta togarar við þorsk- og ýsuveiðar. Við mælingar varðskipsmanna kom í ljós hátt hlutfall smáþorsks í aflanum. Höfðu

þeir samband við vakthafandi fiskifræðing Hafrannsóknarstofnunar og var í framhaldi af því tekin ákvörðun um skyndilokun svæðisins sem gildi í viku.

Skipstjórar á svæðinu voru nokkuð óhressir með lokunina og töldu hana óþarfa þar sem mikil hreyfing væri á fiskinum. Var haft á orði að einhver þyrfti að koma þessum skila-

boðum til hvalanna sem þarna vaða um sjóinn í tuga ef ekki hundruðatali en á svæðinu er mikill fjöldi hnúfubaka, höfrunga og hnísa sem hafa greinilega komist í girnilegt æti. Hnúfubakar er einmitt þekktur fyrir að synda undir dreifðar smáfiskatorfur og reka þær saman með loftbólum og fylla síðan ginið á leiðinni uppúr sjónum.



Frá framkvæmdum í Skötufirði nú um helgina.

## Vegurinn í Skötufirði orðinn sæmilega akfær

Vinna við veginn austanvert í Skötufirði í Ísafjarðardjúpi gengur vel, en verið er að endurbýggja veginn frá Gilseyrabrekku þar sem slitlag endar og allt inn í botn fjarðarins, alls um 10 kílómetra. Framkvæmdir hafa staðið yfir síðan seint í ágúst og hefur vegurinn verið torfær eins og gengur og gerist þegar endurbýgging á sér stað.

„Þetta hefur verið mjög leiðinlegt í Gilseyrabrekkunni, því þar var verið að skera niður brekkuna og umferðin var alltaf á sama stað og verið var að vinna. Þetta er komið nokkurn veginn í lag núna,

það er búið að skera veginn niður svo umferð ætti að ganga betur“, segir Guðmundur Rafn Kristjánsson, deildarstjóri framkvæmdaeldar hjá Vegagerðinni á Ísafirði.

Starfsmenn hjá verktakafyrirtækinu Kubbi ehf., sem sér um endurbýggingu vegarins, munu gera hlé á framkvæmdum yfir vetrartímamann. „Það fer eftir tíðarfari hvenær það verður gert. Þeir byrja síðan aftur þegar vorar og halda áfram næsta sumar. Þá verður vegurinn sæmilega akfær en slitlag á að vera komið á veginn fyrir 21. ágúst á næsta ári“, segir Guðmundur Rafn.

## Stuttar af bh.is

### 49 fæðingar á FSÍ á árinu

Það sem af er árinu hafa 49 börn fæðst á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði. Ef reiknað er með jöfnu flæði yfir árið má gera ráð fyrir því að í árslok verði nýfædd börn orðin 62, eða sami fjöldi og í fyrra þegar 26 strákar og 36 stelpur litu dagsins ljós á sjúkrahúsinu. Að sögn Eddu Eggertsdóttur ljósmóður, sem leysir Sigríði Ólöfu Ingvarsdóttur af, býst nokkur fjöldi kvenna við sér á næstunni.

### Reykur frá bakarofni

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar var kallað út um kl. sjö á föstudagsmorgun vegna ótta um eld í íbúðarhúsi við Túngötu á Ísafirði. Allur tiltækur mannskapur slökkviliðsins fór á staðinn, en þegar að var komið, kom í ljós að eldur var enginn. „Það lagði reykur út úr bakarofni, einhver hafði sofnað út frá bakstri“, segir Hermann Hermannsson hjá slökkviliðinu. „Nágrenni sá reykin og hringdi á slökkvilið. Við vorum komnir á staðinn þremur mínútum síðar. Þó ekki hafi reynst hætta á ferðum að þessu sinni, vil ég biðja fólk um að hika alls ekki við að hringja umsvifalaust á slökkvilið þegar grunur leikur á að um eld sé að ræða.“

### Friðrik nýr formaður LL

Friðrik Stefánsson var kjörinn formaður Litla leikklúbbsins á Ísafirði á aðalfundi klúbbsins sem haldinn var í Edinborgarhúsinu á Ísafirði í síðustu viku. Aðrir í stjórn voru kjörnir Greipur Gíslason, Gunnsteinur Sigurðsson, Ester Örp Guðjónsdóttir og Ásgerður Bergsdóttir. Stjórn LL hyggst á næstunni ræða við forsvarsmenn Tónlistarskólans á Ísafirði um stórt samstarfsverkefni sem ráðgert er að setja á laggirnar í vetur, að sögn Friðriks. Nánar verður greint frá verkefnaskrá Litla leikklúbbsins innan tíðar.



Þórdís Anna Pétursdóttir.



Elín Ísabella Kristinsdóttir.



Mirra Blær Kristinsdóttir.

# Létust eftir bílslys

Móðir og dætur hennar tvær, 8 og 9 ára gamlar, sem slösuðust alvarlega í bílslysinu á Kirkjubólshlíð sunnudaginn 6. október, létust allar á fimmtudag í síðustu

viku á Landspítalanum í Fösvogi. Þær höfðu legið meðvitunarlausar á gjörgæsludeild spítalans í fjóra daga.

Þær hétu Þórdís Anna Pétursdóttir, fædd 5. júlí 1965,

Elín Ísabella Kristinsdóttir, fædd 12. ágúst 1993 og Mirra Blær Kristinsdóttir, fædd 18. september 1994. Þær voru búsettar að Dynsölum 16 í Kópavogi.